



Breytt námsskipan til stúdentsprófs

– aukin samfella í skólastarfi



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

ÁGÚST 2004

**Breytt námsskipan til stúdentsprófs
- aukin samfella í skólastarfi**

Skýrsla starfshópa og verkefnisstjórnar

**Menntamálaráðuneytið
ágúst 2004**

Menntamálaráðuneytið : Rit 14

Ágúst 2004

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: menntamalaraduneyti.is

Umbrot og
textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

Kápuhönnun: Himinn og haf ehf.

Prentun: Gutenberg.

ISBN 9979-777-16-8

© 2004 Menntamálaráðuneytið

Efnisyfirlit

INNGANGUR	7
1 SAMANTEKT.....	11
2 UMSAGNIR OG UMRÆÐUÞING.....	19
3 STARFSTÍMI GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLA	20
4 SKIPAN Náms til Stúdentsprófs	21
4.1 Brautarlýsingar	21
5 Aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla	23
5.1 Íslenska.....	24
5.2 Erlend tungumál	24
5.3 Náttúrufræðigreinar	25
5.4 Stærðfræði	26
5.5 Samfélagsfræði.....	26
5.6 Lífsleikni.....	26
5.7 Íþróttir	27
5.8 Starfsnám	27
5.9 Aðrar námsbrautir framhaldsskóla	28
5.10 Endurskoðun aðalnámskráa	28
5.10.1 Verklag.....	28
5.10.2 Leikskóli	29
5.10.3 Grunnskóli og bóknámsbrautir framhaldsskóla	29
5.10.4 Aðalnámskrár í bóklegum greinum sem þarf að endurskoða eru:	29
5.10.5 Starfsnámsbrautir	30
5.10.6 Aðrar námsbrautir	30
5.10.7 Kostnaðar- og tímaáætlun	30
6 VINNUBRÖÐ.....	31
6.1 Kennsla	31
6.2 Námsmat.....	31
6.3 Námsráðgjöf	32
6.4 Heimanám - vinna nemenda með námi	32
6.5 Námsgögn	33
7 SKIL SKÓLASTIGA	34
8 KENNARAMENNTUN.....	35
9 MAT Á ÁRANGRI	36
9.1 Matsspurningar	36
9.2 Svára leitað við matsspurningum	37
9.3 Tímasetningar.....	37
10 FRAMKVÆMDAÁÆTLUN VEGNA BREYTINGA Á AÐALNÁMSKRÁM	38

11 STARFSMANNAMÁL	41
11.1 KENNARAR OG KENNSLUMAGN Í FRAMHALDSSKÓLUM 2003–2004	42
11.2 ALDURSSAMSETNING KENNARA	43
11.3 UPPSAGNARRÉTTUR OG RÉTTUR TIL BIÐLAUNA	43
11.4 STÖÐUGILDI KENNARA Í FRAMHALDSSKÓLA	44
11.4.1 Mat á áhrifum tillögunnar á kennslu miðað við skólaárið 2003-2004	44
11.4.2 Fækkun stöðugilda miðað við skólaárið 2003-2004	44
11.4.3 Fjölgun nemenda í framhaldsskólum 2004-2011	46
11.4.4 Samantekt líklegra breytinga á kennslumagni fram til 2011	48
11.5 BREYTT STARFSUMHVERFI	49
11.6 HUGMYNDIR UM LAUSNIR Í STARFSMANNAHALDI	51
11.7 KJARASAMNINGAR	53
12 FJÁRMÁL	54
12.1 REKSTUR FRAMHALDSSKÓLA	55
12.1.1 Breytingar á aðalnámskrá framhaldsskóla	55
12.1.2 Kostnaður vegna lengri starfstíma	55
12.1.3 Rekstur fámennra skóla	56
12.1.4 Yfirlit yfir breytingar á kostnaði við rekstur framhaldsskóla	56
12.2 HÚSNÆÐI FRAMHALDSSKÓLA	56
12.2.1 Skólahúsnæði til lengri framtíðar	57
12.3 REKSTUR HÁSKÓLA	57
12.4 LÍN	59
12.5 TÍMABUNDINN KOSTNAÐUR VEGNA STARFSMANNAHALDS	60
12.5.1 Kostnaður vegna starfsmannahalds	60
12.5.2 Endurmenntun	62
12.6 ANNAR TÍMABUNDINN KOSTNAÐUR	63
12.6.1 Aðalnámskrá	63
12.6.2 Námsgögn	63
12.6.3 Mat á árangri	64
12.6.4 Yfirlit yfir tímabundinn kostnað vegna aðalnámskráa, námsgagna og mats á árangri	64
12.7 YFIRLIT YFIR FJÁRHAGSLEG ÁHRIF BREYTINGANNA	65
VIDAUKI 1: VERKEFNISSTJÓRN	67
VIDAUKI 2: YFIRLIT YFIR STÖRF STARFSHÓPA	68

Yfirlit yfir töflur og myndir

Tafla 1. Kennslustundir á viku í grunnskóla 1994-2004 og starfstími	20
Tafla 2. Kennslustundir á viku í stúdentsnámi 1994-2004 og starfstími	20
Tafla 3. Samanburður á skipan náms til stúdentsprófs í klukkustundum	21
Tafla 4. Brautarlýsingar í einingum	22
Tafla 5. Framkvæmdaáætlun september 2004 - desember 2008	40
Tafla 6. Fækkun stöðugilda miðað við skólaárið 2003-2004	45
Tafla 7. Yfirvinna umrituð í stöðugildi eftir námsgreinum skólaárið 2003-2004	45
Tafla 8. Kennslumagn leiðbeinenda í stöðugildum eftir námsgreinum skólaárið 2003-2004	46
Tafla 9. Áætlaður fjöldi ársstarfa í dagvinnu 2003 – 2011 miðað við stærð fæðingaráganga	47
Tafla 10. Áætluð árleg kostnaðarlækkun samkvæmt reiknilíkani vegna breytinga á aðalnámskrá miðað við skólaárið 2003-2004 í milljónum kr.	55
Tafla 11. Áætluð breyting á árlegum kostnaði við rekstur framhaldsskóla í milljónum króna samkvæmt reiknilíkani	56
Tafla 12. Stúdentar útskrifaðir 1999 og nýskráning þeirra í háskóla eftir árum og aldursflokkum	58
Tafla 13. Áætluð fjölgun á háskólastigi vegna tímabundinna áhrifa styttingar námstíma til stúdentsprófs	58
Tafla 14. Áætluð aukin útgjöld háskóla 2011-2016 í milljónum króna	59
Tafla 15. Áætluð aukin útgjöld vegna námslána 2011-2016 í milljónum króna	59
Tafla 16. Áætluð áhrif á LÍN í milljónum króna	60
Tafla 17. Yfirlit yfir áætlaðan aukinn kostnað við starfsmannahald í milljónum króna	62
Tafla 18. Yfirlit yfir tímabundinn aukinn kostnað vegna aðalnámskráa, námsgagna og mats á árangri í milljónum króna	64
Tafla 19. Yfirlit yfir fjárhagsleg áhrif 2005-2016 í milljónum króna	65
Mynd 1. Aldursbil m.v. aldur í lok október 2003	43
Mynd 2. Fæðingarágangar 16 ára 2002-2014	47

Inngangur

Í umræðum um menntamál og æskilega skipan þeirra undanfarin ár hefur stytting námsstíma til stúdentsprófs oft verið rædd. Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir því helsta sem fram hefur komið varðandi málefnið.

Ólafur G. Einarsson, menntamálaráðherra skipaði *Nefnd um mótun menntastefnu* í mars 1992 og lauk hún störfum vorið 1994. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar fræðsluyfirvalda, grunn- og framhaldsskóla, sveitarstjórna og atvinnulífs. Formaður nefndarinnar var Sigríður Anna Þórðardóttir, alþingismaður.

Nefndin fjallaði um skipulag og starfshætti grunn- og framhaldsskóla og skilaði ítarlegum tillögum um bæði skólastig. M. a. gerði nefndin tillögur um inntak námskráa, lagði til að námsstími til stúdentsprófs yrði stytur um eitt ár og að árlegur kennslutími yrði lengdur á báðum skólastigum.

Á bls. 18 í skýrslu nefndarinnar segir m. a.:

„Menntun þegnanna er undirstaða velfarnaðar og Íslendingar hafa ekki efni á að standa öðrum þjóðum að baki í því efni. Líta þarf á menntakerfi okkar sem hluta af alþjóðlegri heild og gildir það jafnt um innihald og uppbyggingu náms sem og árangur skólastarfsins. Ef nemendur annarra þjóða hafa fengið nægan undirbúning til framhaldsnáms við átján eða nítján ára aldur er full ástæða fyrir okkur til að endurskoða þá stefnu að halda nemendum í framhaldsskóla fram að tvítugu. Einnig ber að líta til þess að sérhæft nám færist nú í auknum mæli yfir á háskólastig hér á landi sem annars staðar. Með því að stytta framhaldsskólanám má flýta því að nemendur geti tekist á við markvissan starfsundirbúning á háskólastigi.“

Nefndin samdi einnig drög að frumvörpum til laga um grunn- og framhaldsskóla og voru lög um grunnskóla samþykkt 1995 og um framhaldsskóla 1996. Með samþykkt þessara laga var rekstur grunnskóla að fullu færður til sveitarfélaga. Þátttaka aðila vinnumarkaðarins í stefnumótun og ákvarðanatöku í starfsnámi var aukið með því að stofnuð var samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi og starfsgreinaráðum var komið á fót.

Árið 1996 var hafinn undirbúningur að setningu aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla og skipaði Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, sérstaka verkefnisstjórn til þess að hafa umsjón með verkinu og fylgja því eftir auk þess sem ráðinn var verkefnisstjóri.

Ráðherra taldi mikilvægt að tryggja eins og kostur væri pólitíska samstöðu um þá stefnu sem mörkuð yrði með námskrárgerðinni og í október 1996 skipaði hann Stefnumótunarnefnd endurskoðunar aðalnámskráa grunn- og framhaldsskóla. Í henni áttu sæti 11 fulltrúar sem tilnefndir voru af þingflokkunum. Formaður nefndarinnar var Sigríður Anna Þórðardóttir, alþingismaður. Í erindisbréfi nefndarinnar kemur fram að hlutverk nefndarinnar sé að vera menntamálaráðherra til ráðgjafar um námskrárstefnu ráðuneytisins og væri ætlað að fjalla um og taka afstöðu til skýrslu um námskrártengd álitamál sem verkefnisstjórn endurskoðunarinnar legði fyrir hana.

Verkefnisstjórn endurskoðunar aðalnámskráa sendi nefndinni nokkur álitamál til umfjöllunar, m.a. um lengd námstíma til stúdentsprófs. Um þetta atriði segir í áliti nefndarinnar:

„Lagt er til að námsárum til stúdentsprófs verði fækkað um eitt. Jafnframt er nauðsynlegt að lenging skólatíma í grunnskólum sé komin að fullu til framkvæmda og reynsla komin á nýja aðalnámskrá. Mikilvægt er að samfella sé í námi frá grunnskóla yfir á framhaldsskólastig.“

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, tók þá ákvörðun að stytting námstíma til stúdentsprófs væri viðfangsefni sem þyrfti að athuga nánar. Hann taldi eðlilegt að sú vinna kæmi í kjölfar endurskoðunar námskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla enda myndi hugsanleg stytting námstímans byggjast á þeim grunni sem lagður yrði með námskrárgerðinni.

Í framhaldi af stefnumörkun forvinnuhópa sem settu fram helstu áherslupætti og markmið með kennslu einstakra námsþátta í námsgreinum eða námsgreinaflokkum í byrjun árs 1998 var hafist handa við ritun aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla og komu þær til framkvæmda frá og með skólaárinu 1999–2000. Aðalnámskrá leikskóla kom einnig út 1999 og tók gildi 1. júlí sama ár.

Ráðherra ákvað í lok ársins 2001 að láta kanna hvort forsenda væri fyrir styttingu námstíma til stúdentsprófs, hvaða leiðir væru færar og hver áhrif þeirra breytinga yrðu. Í febrúar 2002 stóð menntamálaráðuneytið fyrir lokuðu málþingi um styttinguna þar sem málið var rætt frá ýmsum hliðum og í framhaldi af því skipaði ráðherra verkefnisstjórn til þess að vinna frekar að undirbúningi málsins.

Að frumkvæði verkefnisstjórnar gerðu Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands samanburð á skólakerfum Íslands, Svíþjóðar og Danmerkur. M.a. var gerður ítarlegur samanburður á námskrám í þessum löndum. Jafnframt voru tekin viðtöl við hagsmunaaðila þar sem leitast var við að fá fram ólík sjónarmið og hugmyndir sem verkefnisstjórnin gæti stuðst við. Einnig var haldinn upplýsinga- og samráðsfundur með hagsmunaaðilum, auk þess sem verkefnið var kynnt í samstarfsnefndum leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og á fundi í Félagi íslenskra framhaldsskóla.

Niðurstöður þessarar vinnu birtust í skýrslu sem menntamálaráðuneytið gaf út í ágúst 2003. Í skýrslunni er meðal annars að finna tölulegar upplýsingar um framhaldsskólanemendur í stúdentsnámi, almennu bóknámi og starfsnámi, um háskólanemendur, rekstur framhaldsskóla og háskóla og samanburð á kennslutíma á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum. Þar eru einnig settar fram hugmyndir að námsskipan fyrir þriggja ára nám til stúdentsprófs svo og um skiptingu námsgreina í kjarna, kjörsvið og frjálst val. Þann 29. september 2003 kynnti Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra skýrsluna, kynningarbæklingur var gefinn út og opnað var umræðuþing menntamálaráðuneytisins á *menntagatt.is* um málefnið. Þar með var hafin almenn umræða um hvort og þá hvernig stytta mætti námstíma til stúdentsprófs.

Óskað var umsagna um skýrsluna frá Félagi framhaldsskólakennara, Félagi íslenskra framhaldsskóla, Félagi framhaldsskólanema, Iðnnemasambandi Íslands, Samstarfsnefnd háskólastigsins, Kennarasambandi Íslands, Heimili og skóla, Samtökum atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, BSRB,

ASÍ og BHM. Einnig var skólanefndum framhaldsskóla og skólum á háskólastigi gefinn kostur á að veita umsögn.

Skólameisturum framhaldsskóla, formönnum nemendafélaga og kennarafélaga hvers skóla var send skýrslan ásamt hvatningarorðum um að taka þátt í umræðunni og setja fram hugmyndir á umræðuþinginu.

Verkefnisstjóri var ráðinn og starfshópar skipaðir um námskrár- og gæðamál, starfsmannamál og fjármál. Hóparnir voru skipaðir fulltrúum menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og fulltrúum helstu hagsmunaaðila svo sem samtökum kennara, nemenda, skólastjórnenda, háskóla og sveitarfélaga (sjá nánar í viðauka 2). Hópunum var ætlað að vinna tillögu að námsskipan að teknu tilliti til umsagna og umræðna á umræðuþinginu eftir því sem við ætti og setja fram hugmyndir um lausn vandamála sem af styttingu námsins kynni að leiða og meta fjárhagsleg áhrif hennar.

Skipuð var verkefnisstjórn innan menntamálaráðuneytisins sem hafði yfirumsjón með starfinu (sjá nánar í viðauka 1).

Meginsjónarmiðið í umsögnum og umræðum á umræðuþinginu var að stytting námstíma til stúdentsprófs mætti ekki koma niður á gæðum námsins. Þær tillögur sem kynntar eru í þessari skýrslu taka mið af þessu sjónarmiði. Skólaárum er fækkað um eitt en á móti kemur er lagt til að skólaárið lengist, hluti af núverandi námi framhaldsskólans í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði verði fluttur til grunnskólans og kröfur til nemenda í stúdentsnámi verði auknar.

Í þessari skýrslu eru settar fram tillögur að námskrárbreytingum og breyttum vinnubrögðum í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og mati á árangri breytinganna. Metin eru áhrif þeirra á starfsmannahald skólanna, hugmyndir settar fram um lausnir vandamála sem þeim kann að fylgja og áætluð fjárhagsleg áhrif.

Með breytingunum er þess árangurs vænst að meðalnámstími til stúdentsprófs styttest og að námið veiti jafn góðan eða betri undirbúning fyrir nám á háskólastigi og nú.

1 Samantekt

Starfshópar um námskrár- og gæðamál, starfsmannamál og fjármál hófu störf í lok október 2003. Hópunum var ætlað að vinna tillögu að nýrri námsskipan að teknu tilliti til umsagna og umræðna á umræðuþinginu eftir því sem við ætti og setja fram hugmyndir um lausn vandamála sem af breytingunni kynni að leiða, hugmyndir um mat á árangri hennar og meta fjárhagsleg áhrif. Starfshóparnir voru skipaðir fulltrúum menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og fulltrúum helstu hagsmunaaðila svo sem samtökum kennara, nemenda, skólastjórnenda, háskóla og sveitarfélaga. Verkefnisstjórn menntamálaráðuneytisins hafði yfirumsjón með starfinu.

Hér á eftir er greint frá helstu niðurstöðum starfshópanna þriggja og framkvæmdaáætlun verkefnisstjórnar.

Námskrár- og gæðamál

Til þess að ná því markmiði að stytta námstíma til stúdentsprófs eru lagðar fram eftirfarandi megintillögur.

- *Breytingar verði gerðar á aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Breyttur kennslutími í framhaldsskóla hefur ekki aðeins áhrif á stúdentsbrautir og því þarf einnig að yfirfara námskrár annarra námsbrauta á framhaldsskólastigi.*
- *Skólaárið í framhaldsskóla verði lengt í 180 daga. Eingöngu verði skilgreindir starfsdagar skóla og skólum í sjálfsveld sett hve mörgum dögum þeir verja til prófa eða hvernig þeir haga námsmati. Við gerð nýrrar aðalnámskrár verði miðað við 155 kennsludaga.*
- *Aðalnámskrá framhaldsskóla verði breytt þannig að áfangar munu stækka sem nemur lengingu kennslutíma en miðað verði við að nám til stúdentsprófs verði 111 einingar sem samsvara 119 einingum í núgildandi námsskipan. Nám til stúdentsprófs er nú 140 einingar.*
- *Farið verði yfir aðalnámskrá grunnskóla með það í huga að færa efnispætti milli námsára og lagfæra markmiðssetningu. Viðfangsefni byrjunaráfanga á framhaldsskólastigi í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði verði flutt til grunnskóla að hluta eða í heild. Þegar farið verður yfir aðalnámskrár grunnskóla skýrist hvaða efnispætti getur verið um að ræða.*
- *Í aðalnámskrá 8.–10. bekkjar grunnskóla í þeim greinum sem einnig eru kenndar á framhaldsskólastigi verði skilgreindir áfangar og áfangar á framhaldsskólastigi verði skilgreindir í beinu framhaldi. Þetta verði gert til að tryggja sem besta samfellu í námi á milli skólastiganna. Skólar á báðum skólastigum ákvarða eftir sem áður skipulag í bekkjar- eða áfangakerfi.*
- *Grunnskólanemendum sem hafa til þess námsgetu og þess óska, verði auðveldað að ljúka síðustu þremur árum í grunnskóla á tveimur árum. Einnig verði þeim grunnskólanemendum sem þess óska og hafa til þess námsgetu auðveldað að stunda nám á báðum skólastigum samtímis.*
- *Námsmati verði breytt meðal annars með því að vægi símats verði aukið, tekin verði upp notkun gagnvirkra prófa í auknum mæli, mat á munnlegri færni verði aukið og leitast við að tryggja að námsmat verði í samræmi við áherslur í aðalnámskrá. Veittur verði sérstakur*

stuðningur til að ná þessum markmiðum og til að þróa kennsluaðferðir sem efla lögbundið hlutverk skólanna.

- *Gerð náms- og kennslugagna verði efld á framhaldsskólastigi. Greitt verði fyrir því að unnt verði að gefa út námsgögn á vef.*
- *Almennt bóknám í starfsnámi breytist með sama hætti og viðkomandi áfangar á almennum bóknámsbrautum. Námskrár faggreina starfsnáms verði endurritaðar m.t.t. lengingar á árlegum kennslutíma og styttingu námstíma til stúdentsprófs. Starfsgreinaráð yfirfari verklega og fagbóklega áfanga starfsnámsbrauta og endurmeti lengd námsins m.t.t. lengra skólaárs og styttri námstíma til stúdentsprófs.*
- *Námskrá listnámsbrauta og annarra námsbrauta á framhaldsskólastigi verði endurskoðuð m.t.t. til lengra skólaárs, breyttra byrjunaráfanga í bóklegum greinum og styttri námstíma til stúdentsprófs eftir því sem við á.*
- *Aðalnámskrám leikskóla og grunnskóla verði breytt þannig að tekin verði til athugunar tengsl skólastiganna með það í huga að tengja betur nám á síðasta ári leikskóla og fyrsta ári grunnskóla.*

Mat á árangri

Með breytingunum er þess árangurs vænst að meðalnámstími til stúdentsprófs styttest og að námið veiti jafn góðan eða betri undirbúning fyrir nám á háskólastigi og nú.

Við mat á því hvort markmið breytinganna hafi náðst er lagt til að leitað verði svara við eftirfarandi spurningum:

- *Hver verður meðalaldur og aldursdreifing þeirra sem ljúka stúdentsprófi eftir breytinguna, í samanburði við það sem nú er?*
- *Lýkur sambærilegt hlutfall árgangs stúdentsprófi fyrir og eftir skipulagsbreytinguna?*
- *Hefur breytingin áhrif á brottfall úr stúdentsnámi?*
- *Hefur breytingin áhrif á námsval á framhaldsskólastigi?*
- *Eru námskröfur sambærilegar fyrir og eftir breytingarnar?*
- *Verða breytingar á meðalaldri og aldursdreifingu nýstúdenta í háskólanámi?*
- *Verða breytingar á námsgengi og námsvali nýstúdenta í háskólanámi?*
- *Verður breyting á meðalnámstíma þeirra sem ljúka fyrstu háskólagráðu við skipulagsbreytinguna?*
- *Lýkur sambærilegt hlutfall árgangs fyrstu háskólagráðu?*
- *Hvernig telja nýstúdentar undirbúning sinn vera fyrir nám á háskólastigi?*

Kannanir verði gerðar og tölulegum upplýsingum safnað og á grundvelli gagna verði viðmið skilgreind fyrir matið. Áætlað er að gagnasöfnun hefjist tveimur árum áður en ný aðalnámskrá framhaldsskóla tekur gildi og að fyrstu niðurstöður verði birtar fimm árum eftir gildistöku námskrárinnar.

Framkvæmdaáætlun vegna breytinga á aðalnámskrám

Til þess að breyting á starfstíma framhaldsskóla nái fram að ganga þarf að breyta 3. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 6/2001 um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga.

Helstu atriði framkvæmdaáætlunar yrðu eftirfarandi:

Breytingar á aðalnámskrám

- *Skýrsla verkefnisstjórnar og starfshópa um styttri námstíma til stúdentsprófs verði kynnt á öllum skólastigum og í fjölmiðlum í september og október 2004. Kynningarefni ásamt samantekt meintillagna verði borið til allra heimila, dreift á öllum skólastigum og til hagsmunasamtaka.*
- *Í september 2004 skipi menntamálaráðherra þriggja manna verkefnisstjórn til að sjá um framkvæmd og ráði verkefnisstjóra sem stýri verkinu í umboði verkefnisstjórnar. Útveguð verði vinnuáðstaða fyrir vinnuhópa sem vinni að breytingum á aðalnámskrám.*
- *Undirbúningur endurskoðunar aðalnámskráa fari fram frá september til desember 2004.*
 - *Verklýsingar verði gerðar fyrir vinnuhópa.*
 - *Skipaðir verði vinnuhópar í bóklegum námsgreinum. Gert er ráð fyrir að í hverjum vinnuhópi verði þrír einstaklingar.*
 - *Starfsgreinaráðum verði falið að sjá um nauðsynlegar breytingar á námskrám starfsnáms. Skrifuð verði verklýsing fyrir verkefnið sem ráðin hafi til viðmiðunar.*
 - *Skipaður verði þriggja manna vinnuhópur til að yfirfara aðalnámskrá listnámsbrauta.*
 - *Farið verði yfir reglur um viðbótarnám til stúdentsprófs og tillögur gerðar um breytingar.*
 - *Skipaður verði fimm manna vinnuhópur sem vinnur að breytingum á aðalnámskrám leikskóla og grunnskóla með sérstakri áherslu á skil skólastiganna.*
 - *Ritari verði ráðinn til starfa sem vinni með vinnuhópunum ásamt verkefnisstjóra.*
- *Í nóvember 2004 verði óskað eftir tilnefningum í ráðgjafahóp vegna námskrárbreytinganna frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi leikskólakennara, Félagi grunnskólakennara, Félagi framhaldsskólakennara, Skólastjórafélagi Íslands, Félagi stjórnenda í framhaldsskólum, Félagi íslenskra framhaldsskóla, samstarfsnefnd háskólastigsins, Félagi framhaldsskólanema og Heimili og skóla. Verkefnisstjórn veiti hópnum reglulega upplýsingar um framgang verksins og gefi honum tækifæri til að setja fram athugasemdir.*

- Starfsgreinaráð og vinnuhópar vinni að endurskoðun einstakra námskráa frá janúar til júlí 2005. Hver hópur fyrir sig velji fulltrúa í undirhópa til að fjalla um afmarkaða þætti innan viðkomandi námssviðs að fengnu samþykki verkefnisstjórnar. Gera má ráð fyrir að fjöldi undirhópa verði mismunandi eftir námssviðum. Námsgagnastofnun verði reglulega veittar upplýsingar á meðan aðalnámskrár eru á vinnslustigi til að auðvelda undirbúning námsgagnagerðar á grunnskólastigi.
- Leitað verði tilboða í útgáfu aðalnámskráa í júní 2005 og áætlað er að þær verði gefnar út í febrúar 2006. Að lokinni útgáfu aðalnámskráa fari fram kynning á þeim meðal annars með kynningarbæklingi sem borinn verði til allra heimila.
- Skipaður verði starfshópur með aðild framhaldsskóla sem starfar frá 1. janúar 2008 – 31. maí 2009 og fjalli um innleiðingu nýrra aðalnámskráa og vinni að lausnum á þeim málum sem upp kunna að koma þegar unnið er eftir tveimur námskrám samtímis.

Námsgögn

- Í júlí 2005 og fram til júlí 2008 verði unnið að breytingum á námsgögnum. Fyrst verði unnið að breytingum á námsgögnum fyrir grunnskóla sem taka þarf í notkun í ágúst 2006.
- Á vorönn 2006 verði auglýstir styrkir til námsefnisgerðar samkvæmt nýrri aðalnámskrá fyrir framhaldsskólastig.

Endurmenntun

- Undirbúningur námskeiða fyrir kennara hefst í mars 2006 og fyrstu námskeiðin verði haldin í júní 2006. Fyrst verði haldin námskeið fyrir grunnskólakennara sem kenna ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði í 8.–10. bekk. Gert verði ráð fyrir námskeiðum víðs vegar um land. Við taki námskeið í kennsluaðferðum fyrir grunn- og framhaldsskólakennara og námskeið vegna námsmats. Undirbúningur og framkvæmd námskeiðanna verði í höndum þeirra aðila sem nú standa fyrir og bera ábyrgð á endurmenntun kennara.

Kennsla samkvæmt nýjum aðalnámskrám

- Undirbúningur kennslu eftir nýjum aðalnámskrám hefst í skólum strax og þeim hefur verið fylgt úr hlaði með kynningum.
- Í ágúst 2006 taki alaðnámskrár leikskóla og grunnskóla gildi. Aðlögun vegna gildistöku aðalnámskrár grunnskóla verði 3 ár. Miðað verði við að unnið verði samkvæmt breyttum aðalnámskrám haustið 2006 í leikskóla og í 1., 5., 8. og 9. bekk grunnskóla, 2007 í 2., 6. og 10. bekk, 2008 í 3. og 7. bekk og 2009 í 4. bekk. Þá hafi leikskólabörn og allir nemendur grunnskóla hafið nám eftir breyttum aðalnámskrám.
- Í ágúst 2008 taki aðalnámskrár framhaldsskóla gildi. Aðlögunartími fer eftir lengd námsbrauta en miðað við að fyrstu stúdentar útskrifist samkvæmt breyttri námsskipan vorið 2011.

Námsmat

- Skipaður verði starfshópur sem starfar skólaárið 2006-2007 og setur fram hugmyndir að fjölbreyttu námsmati. Hópurinn leiti leiða til að nýta námsmatsaðferðir til að stuðla að bættum námsárangri.

Mat á árangri

- *Menntamálaráðneytið feli tilteknum aðila að meta hvort þau markmið sem sett eru með styttingu náms til stúdentsprófs hafi náðst. Gagnasöfnun vegna matsins hefjist í febrúar 2006 í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum og haldi áfram eftir því sem þörf krefur til ársins 2013. Fyrstu niðurstöður matsins verði birtar árið 2013.*

Starfsmannamál

Breytingar á aðalnámskrám kalla á breytt vinnubrögð í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Auk breytinga á aðalnámskrám er gert ráð fyrir auknu samstarfi skólastiganna og aukinni endurmenntun til undirbúnings fyrir breytt vinnubrögð og kennslu eftir nýjum námskrám. Áhrif á starfsmannahald verða mest á framhaldsskólastigi.

Ekki er hægt að segja nákvæmlega til um stöðuna í framhaldsskólunum árið 2011 þegar áætlað er að fyrstu nemendur útskrifist samkvæmt nýrri aðalnámskrá. Eftirtaldir þættir eru þó líklegir til þess að stuðla að auknu kennslumagni og fjölgun stöðugilda í framhaldsskólum fram til 2011:

- *Vegna stærri fæðingarárganga sem væntanlegir eru inn í framhaldsskólana á næstu árum og e. t. v. einnig vegna hækkandi hlutfalls hvers árgangs sem sækir nám, má ætla að nemendur framhaldsskóla verði a.m.k. 2000 fleiri skólaárið 2010-2011 en skólaárið 2003–2004. Ætla má að kennslumagn aukist með svipuðum hætti.*
- *Í námskráartillögunum er gert ráð fyrir því að nemendur í stúdentsnámi ljúki að jafnaði 18,5 einingum á önn í stað 17,5 í núverandi námsskipan. Þetta er aukning um 5,7% sem kemur til framkvæmda á árunum frá 2008 til 2011. Reikna verður með því að kennslumagn í framhaldsskólum aukist með svipuðum hætti.*
- *Kennsluskylda framhaldsskólakennara lækkar um eina stund á viku þegar þeir ná 55 ára aldri og um fjórar stundir til viðbótar þegar þeir verða 60 ára. Kennsluskylda þeirra sem eru 60 ára er því 5 stundum lægri en þeirra sem ekki hafa náð 55 ára aldri. Töluverð fjölgun mun verða í þessum aldurshópum fram til 2011 og gera þarf ráð fyrir fjölgun kennara af þeim sökum.*
- *Á tímabilinu frá 2008 til 2011 þurfa skólar að kenna eftir tveimur aðalnámskrám. Af þessu getur skapast óhagræði. Ekki verður hægt að sameina nemendur í hópa í sama mæli og verið hefur. Tilhneigingin verður sú að hóparnir verða fámennari og fleiri sem þýðir aukningu á kennslumagni.*

Fleiri þættir en ofangreindir geta haft áhrif á fjölda stöðugilda og kennslumagn í skólunum. Má þar nefna að breytingar geta orðið á vali nemenda á námsbrautum og námsgreinum og einnig geta breytingar orðið vegna nýrra kjarasamninga. Þó að ekki sé tekið tillit til þessa þá er líklegt að fjölgun stöðugilda við framhaldsskóla verði töluverð fram til ársins 2011.

Í kjölfar fyrstu útskriftar nemenda eftir nýrri aðalnámskrá vorið 2011 fækka nemendum í framhaldsskólum sem gæti skapað vanda í starfsmannahaldi framhaldsskóla allt eftir aðstæðum í hverjum skóla fyrir sig.

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins kveða á um hvernig bregðast á við þegar störf hjá ríkisstofnunum eru lögð niður. Hér er mælt

með því að áhrif breytinganna á starfsmenn framhaldsskóla verði milduð eins og kostur er.

Nauðsynlegt er að tryggja að bæði starfsmenn og stjórnvöld leggi sig fram við að skapa einhug um markmið breytinganna. Jákvæðar lausnir fyrir bæði kennara og skólastarf eru forsendur vel heppnaðra breytinga.

Undirbúningstími fyrir aðgerðir í framhaldsskólum er 7 ár. Mikilvægt er að þau verði nýtt sem best til þess að kennarar eigi möguleika á að undirbúa sig sem best fyrir breytt starfsskilyrði. Nauðsynlegt er að vinna að lausnum í starfsmannahaldi í hverjum skóla fyrir sig.

Til að greiða fyrir þessu er áhersla lögð á eftirfarandi:

- *Óljós vitneskja um afleiðingar fyrirhugaðra breytinga fyrir starfsmenn getur haft slæm áhrif á starf og starfsánægju allra sem í skólunum starfa. Með upplýsingum og áætlanagerð um málefni starfsmanna má vinna gegn þessu.*
- *Framhaldsskólar leitist við að tryggja starfandi kennurum áframhaldandi starf dragist kennsla í aðalgrein þeirra saman eða falli niður.*
- *Á grundvelli mannaflaáætlana og greiningar á þróun kennslumagns í hverjum skóla fyrir sig verði kennurum kynnt þau starfssvið innan skólans sem möguleiki er fyrir kennara að mennta sig á og þjálfast í til að gegna nýjum eða breyttum störfum.*
- *Framhaldsskólar hafi aðgang að sérmenntuðum ráðgjafa í starfsmannamálum sem aðstoði skóla við mannaflaáætlanir og úrlausn þeirra vandamála sem skólarnir þurfa að glíma við vegna breytinganna. Einstakir starfsmenn eigi einnig kost á að leita til ráðgjafa á eigin forsendum.*
- *Kennurum sem ekki ná að uppfylla vinnuskyldu sína eftir styttingu námstímans verði veitt tímabundið svigrúm til að nýta þann tíma sem upp á vantar til að breyta starfssviði sínu eða skapa sér stöðu á vinnumarkaði. Námsleyfum verði m.a. þannig fjölgað tímabundið frá og með árinu 2011.*
- *Sett verði fram áætlun um að efla verkefnisstjórnun innan skólanna með það að markmiði að auka sveigjanleika skólastarfsins og auðvelda skólum að takast á við ný og breytileg verkefni.*
- *Finna þarf leiðir sem fara mætti til að sporna gegn því að við breytinguna verði aldursamsetning kennara ójafnari en nú. Ein þeirra leiða er að gefið verði fjárhagslegt svigrúm árið 2011 til að gefa kennurum þar sem það á við, kost á að hefja töku lífeyris án þess að það leiði til skerðingar á eftirlaunum.*
- *Leitað verði eftir samstarfi við háskóla um:*
 - *Framboð á námsleiðum til meistaranáms eða diplómanáms sem kennarar eigi kost á til undirbúnings breyttu starfssviði.*
 - *Að auka tímabundið framboð á kennsluréttindanámi sem sniðið er að þörfum starfandi kennara, ekki síst bóknámskennara.*

Fjármál

Leitast er við að gefa hugmynd um fjárhagsleg áhrif breytinganna miðað við skólaárið 2003-2004. Í áætlunum er miðað við rauntölur fyrir skólaárið 2003-2004, m.a. vegna fjölda nemenda í háskólum og framhaldsskólum. Ekki er áætlað fyrir kostnaði vegna líklegar nemendafjölgunar vegna fjölmennari fæðingarárganga og aukinnar aðsóknar í framhaldsskóla á næstu árum. Miðað er við námsval nemenda skólaárið 2003-2004 en það gæti breyst næstu árin, t.d. þannig að hlutfallslega færu fleiri nemendur í starfsnám. Breytingar á námsframboði og aðsókn nemenda í framhaldsskóla, breytingar á námsvali þeirra, brottfalli og virkni hafa áhrif á kostnað við rekstur framhaldsskóla og háskóla.

Hér að neðan er birt yfirlit yfir áætluð fjárhagsleg áhrif breytinganna. Þar eru heildaráhrif tilgreind á rekstur framhaldsskóla og tímabundin áhrif á rekstur háskóla, Lánasjóð íslenskra námsmanna, starfsmannahald, gerð og útgáfu aðalnámskráa og námsgagna og kostnaður vegna mats á árangri breytinganna. Forsendur sem settar eru fyrir áætluninni kunna að breytast við frekari vinnslu og með betri upplýsingum. Krónutölur sem birtar eru hér að neðan eru því ekki tillögur heldur settar fram sem tilraun til að meta fjárhagsleg áhrif breytinganna.

Rekstur framhaldsskóla

Með breytingunum lækkar kostnaður vegna þess að ársnemendum fækkar í framhaldsskóla en á móti þarf að gera ráð fyrir kostnaði vegna lengri starfstíma skóla og taka tillit til þess að kostnaðurinn geti orðið hlutfallslega hærri í fámennum skólum.

Húsnæði framhaldsskóla

Stytttri námstími til stúdentsprófs hefur lítil sem engin áhrif á skólahúsnæði á landsbyggðinni. Byggt verður við húsnæði framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum, samtals um a.m.k. 13.000 fermetrar. Vegna fjölgunar fólks á framhaldsskólaaldri næstu árin verður samt sem áður þörf fyrir aukið skólahúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Ef farið verður að tillögum um breytta námsskipan verður þörfin tímabundin og mun leysast haustið 2011. Þessa tímabundnu þörf mætti t.d. leysa með leigu á húsnæði eða með lausum kennslustofum.

Rekstur háskóla

Pegar fyrstu stúdentar útskrifast eftir breytttri námsskipan útskrifast samtímis stúdentar eftir núverandi námsskipan. Gera má því ráð fyrir að það valdi tímabundinni fjölgun nemenda í háskólum og þar með tímabundnum útgjöldum vegna reksturs háskóla.

Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN)

Líklega mun koma til tímabundins útgjaldaauka hjá LÍN við að fleiri taki námslán á árunum 2011-2016 vegna þess að tveir árgangar stúdenta útskrifast samtímis vorið 2011. Á móti kemur að nemendur á framhaldsskólastigi sem þurfa að sækja nám fjarri heimahögum og fjölskyldu geta átt rétt á jöfnunarstyrk. Nemendum fækkar á framhaldsskólastigi í kjölfar fyrstu útskriftar nemenda samkvæmt breytttri námsskipan og gera má ráð fyrir að heildarútgjöld vegna jöfnunarstyrksins lækki í sama hlutfalli.

Starfsmannahald

Í þeim skólum sem aðsókn nýrra nemenda fyllir ekki í skörðin þegar nemendum fækkar, geta skapast vandamál í starfsmannahaldi. Þetta ræðst þó af aðstæðum í hverjum skóla fyrir sig og það er alls óvíst að þær verði eins haustið 2011 og á yfirstandandi skólaári. Til þess að meta kostnað vegna hugmynda um lausnir í starfsmannahaldi þarf að gefa sér ýmsar forsendur.

Gerðar eru tillögur um endurmenntun grunn- og framhaldsskólakennara til undirbúnings breyttra vinnubragða og kennslu eftir nýjum aðalnámskrám. Þar sem ekki er ljóst hvernig skipulag námskeiðanna verður eða fjöldi þeirra er einungis gefin hugmynd um hugsanlegan kostnað við aukna endurmenntun.

Annar tímabundinn kostnaður

Vegna breytinga á aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er gert ráð fyrir vinnuframlagi sem nemur u.þ.b. 70 mannmánuðum. Gera þarf einnig ráð fyrir kostnaði vegna vinnuaðstöðu og kostnaði vegna launa verkefnisstjóra og ritara. Einnig fylgir kostnaður útgáfu námskránna.

Leitað var til Námsgagnastofnunnar um að áætla kostnað vegna breytinga á námsgögnum grunnskóla sem fylgdu í kjölfar breytinga á aðalnámskrá. Þar sem tillögur að námskrárbreytingum hafa ekki verið útfærðar er kostnaður metinn samkvæmt þeim meginbreytingum sem eru tilgreindar. Á vegum menntamálaráðuneytis starfar nefnd sem fjallar um gerð og útgáfu námsgagna handa framhaldsskólum. Helsta verkefni nefndarinnar er að gera tillögur um veitingu styrkja til námsgagnagerðar samkvæmt umsóknum en árlega er á fjárlögum gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis. Áætla má að til að greiða fyrir því að námsgögn verði sniðin að breyttum áfangalýsingum þurfi að hækka framlög vegna námsgagnagerðar á framhaldsskólastigi.

Mats- og eftirlitsdeild menntamálaráðuneytisins telur að gera megi ráð fyrir 18 mannmánuðum vegna hugmynda um mat á árangri breytinganna.

Yfirlit yfir fjárhagsleg áhrif 2005-2016 í milljónum króna

Í yfirliti yfir fjárhagsleg áhrif breytinganna eru áætluð útgjöld ríkissjóðs feitletruð.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Rekstur framhaldsskóla				160	160	160	351	702	702	702	702	702
Rekstur háskóla							208	482	678	308	148	80
LÍN							13	77	122	36	6	21
Starfsmannahald		20	33	18	40	44	149	124	106			
Aðalnámskrár, námsgögn, mat	103	53	43				2	3				
Samtals:	103	73	76	178	200	204	21	16	204	358	560	643

Hér er áætlað að jákvæð fjárhagsleg áhrif breytinganna í heild komi fyrst fram árið 2016 og verði eftir það nálægt 700 m. kr. á ári en það er liðlega 6,3% af útgjöldum ríkisins til framhaldsskólastigsins í fjárlögum 2004.

2 Umsagnir og umræðuping

Helsta gagnrýnin á skýrsluna frá því í ágúst 2003 sem fram kom í umsögnunum var að í hana vantaði heildstæða umfjöllun um grunn- og framhaldsskólastigið, áhrif styttri námstíma til stúdentsprófs á aðrar námsbrautir framhaldsskólans og að dregið væri úr sérhæfingu námsins.

Í flestum umsögnum kom fram að í áframhaldandi vinnu væri nauðsynlegt að skoða aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla sem heild en þó sérstaklega skil milli skólastiga, að skoða bæri námskrár annarra námsbrauta samhliða, varðveita ætti eins og unnt væri uppbyggingu aðalnámskráa frá 1999, einkum valfrelsi og möguleika nemenda á sérhæfingu og að nemendur fengju eftir sem áður góðan undirbúning fyrir frekara nám.

Stjórnir Kennarasambands Íslands og Félags framhaldsskólakennara sendu menntamálaráðherra sameiginlega umsögn þar sem settar voru fram tillögur að aðgerðaáætlun í menntamálum vegna vinnu við styttingu námstíma til stúdentsprófs. Þar er m.a. lögð áhersla á að ráðist verði í heildarendurskoðun á námi og námsskipan efstu bekkja grunnskólans og á námi og námsskipan í framhaldsskóla. Leggja þurfi grunn að langtímaáætlun um skipulega og faglega framkvæmd skólastefnunnar frá 1998 með það að markmiði að efla fagmennsku í starfi, sveigjanleika og nýjungar í námi og kennslu, frjálst val í námi og gæðastýringu í námi og kennslu á báðum skólastigum.

Auk þess bárust ályktanir frá kennarafélögum framhaldsskóla og fagfélögum kennara og í flestum þeirra var lýst yfir stuðningi við umsögn Kennarasambands Íslands og Félags framhaldsskólakennara.

Á umræðupingi um málefnið á *menntagatt.is* höfðu í ágúst 2004 alls 321 sótt um aðgangsorð og 84 innlegg borist. Þar er meðal annars að finna tillögur að skipulagi þriggja ára stúdentsnáms og námsskipan, umræður um kosti og galla styttingar námstímans, lengd skólaársins og skil skólastiga.

Flestir sem settu fram hugmyndir á umræðupinginu um námsskipan þriggja ára stúdentsnáms nefna að líta beri bæði á grunn- og framhaldsskólastigið. Til greina komi að nemendur byrji 5 ára í grunnskóla og ljúki honum 15 ára, stytta megi grunnskólann um eitt ár, greiða fyrir því að þeir nemendur sem til þess hafi námsgetu geti stundað nám á báðum skólastigum í einu eða flytja 15 – 36 námseiningar frá framhaldsskóla til grunnskóla.

Í umfjöllun um lengd skólaárs í umsögnum og á umræðupinginu er mælt með allt frá óbreyttu skólaári til 10 mánaða skólaárs. Flestir sem nefna skólaárið vilja að lenging skólaársins verði ekki mikil og að við ákvörðun verði tekið tillit til þátttöku nemenda í atvinnulífinu yfir sumartímann.

Í umsögnum og á umræðupinginu nefndu flestir sem fjölluðu um starfsmannamál að ef stytta eigi námstímann sé mikilvægt að finna leiðir til að sporna gegn því að fækkun stöðugilda verði til þess að fækkun verði mest meðal ungra kennara og að huga þurfi sérstaklega að möguleikum smærri skóla að ráða kennara í heilar stöður. Einnig er nefnd sú hugmynd að minnka kennsluskyldu íslenskukennara. Flestir sem fjölluðu um fjármál nefndu að kostnaður hljótist vegna kjarasamninga kennara, einkum vegna lengri starfstíma framhaldsskóla og að veita þurfi skólunum fjármagn til að ráðast í svo viðamiklar breytingar.

3 Starfstími grunn- og framhaldsskóla

Samkvæmt grunnskólalögum frá 1995 skulu skóladagar nemenda í grunnskóla eigi vera færri en 170 á skólaári. Nemendur 1.–4. bekkjar eiga rétt á 30 kennslustundum á viku að lágmarki, nemendur 5.–7. bekkjar eiga rétt á 35 kennslustundum á viku og nemendur 8.–10. bekkjar 37 kennslustundum. Miðað er við 40 mínútna kennslustundir. Þetta á við frá og með skólaárinu 2001 – 2002 en þá var ákvæði grunnskólalagana um kennslutíma að fullu komið til framkvæmda. Með kjarasamningi frá 1. janúar 2001 breyttist starfstími grunnskólans einnig. Þar er gert ráð fyrir 180 daga starfstíma. Starfstíminn var með kjarasamningnum lengdur um 10 daga og er sérstaklega kveðið á um að þeir viðbótardagar séu til að auka fjölbreytni í skólastarfi.

Tafla 1. Kennslustundir á viku í grunnskóla 1994-2004 og starfstími

	1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.	8.b.	9.b.	10.b.	Vikust. alls	Skóla-dagar	Skóladagar kennslust. alls
1994-1995	25	25	25	26	28	30	32	34	34	34	293	167	9786
1995-1996	26	26	26	26	29	31	33	34	34	34	299	170	10166
1996-1997	27	27	27	27	30	32	34	35	35	35	309	170	10506
1997-1998	28	28	28	28	31	32	34	35	35	35	314	170	10676
1998-1999	29	29	29	29	32	32	34	35	35	35	319	170	10846
1999-2000	30	30	30	30	32	32	35	35	35	35	324	170	11016
2000-2001	30	30	30	30	33	33	35	36	36	36	329	170	11186
2001-	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37	336	180	12096

Af Töflu 1 má sjá að frá skólaárinu 1994-1995 hefur kennslustundum á viku fjölgað samtals um 43 í 1. til 10. bekk og skóladögum nemenda fjölgað um 13 á skólaári eða um 130 daga alls. Nemendur sem ljúka skólagöngu í núverandi kerfi sitja því alls 2310 fleiri kennslustundir í grunnskóla. Þessi fjölgun kennslustunda samsvarar rúmum tveimur skólaárum. Tafla 1 byggist á opinberum tölum en ljóst er að framkvæmdin er breytileg á milli skóla.

Tafla 2. Kennslustundir á viku í stúdentsnámi 1994-2004 og starfstími

	1.ár	2.ár	3.ár	4.ár	Vikust. alls	Kennsludagar	Prófadagar	Kennsludagar kennslust. alls
1994-1996	35	35	35	35	140	130	30	3640
1996-	35	35	35	35	140	145	30	4060

Kennsludagar á skólaári í framhaldsskólum voru 130 til 1996 en frá og með skólaárinu 1996-1997 var bundið í lögum að kennsludagar skulu eigi vera færri en 145 á skólaári. Kennsludögum til stúdentsprófs fjölgaði þar með um 60 eða samtals um 12 kennsluvikur. Í flestum framhaldsskólum hafa prófdagar verið 30 undanfarin ár.

Kennslutími í grunn- og framhaldsskólum hefur samkvæmt þessu aukist umtalsvert frá árinu 1996.

Hér er lagt til að ný námsskipan stúdentsnáms verði með þeim hætti að námsárin í framhaldsskóla verði þrjú, skólaárið verði 180 dagar og kennslustundir á viku verði að meðaltali 37. Hver skóli skipuleggi starfstímamann eins og best hentar en í námskrárgerð verði miðað við að kennsludagar verði 155.

4 Skipan náms til stúdentsprófs

Lagt er til að hlutfall á milli kjarna, kjörsviðs og frjáls vals verði það sama og í núverandi námsskipan, þ.e. 70% kjarni og 30% kjörsvið og frjálst val. Sérhæfing í kjarna hvernar brautar er 15% af náminu í heild í núverandi námsskipan en hér er gerð tillaga um að sérhæfingin verði 24,3%. Þessi munur stafar einkum af því að gert er ráð fyrir að hluti af kjarnaáföngum sem nú er sameiginlegur með öllum brautum verði fluttur á grunnskólastig og auk þess fjölga einingum um 6 sem eru ólíkar í kjarna brautanna.

Tafla 3. Samanburður á skipan náms til stúdentsprófs í klukkustundum

	Núverandi námsskipan	Ný námsskipan
Kjarni	1895	1612
Kjörsvið	580	496
Frjálst val	232	186
Alls á framhaldsskólastigi	2707	2294
Sérhæfing í kjarna	406	558
Ein eining	19,34	20,67

Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að nemendur sitji í tveimur kennslustundum fleiri á viku að meðaltali, nám sem samsvarar 12 einingum verði flutt á grunnskólastig og skólaárið verði lengt um 5 daga.

4.1 Brautarlýsingar

Kjarni (78 einingar): Í kjarna námsbrautanna eru áfangar sem eru sameiginlegir öllum stúdentsbrautum og einnig sérhæfing hvernar brautar fyrir sig.

Kjörsvið (24 einingar): Kjörsvið felur í sér sérhæfingu í samræmi við markmið brautarinnar. Nemandi velur sér ekki færri en þrjár greinar sem kjörsviðsgreinar, annaðhvort viðbót við kjarnagreinar eða nýjar greinar. Samanlagt nám í grein á kjörsviði og í kjarna verði að lágmarki 9 einingar. Auk þess getur nemandi tekið allt að 12 eininga nám á kjörsviðum annarra bóknámsbrauta en þeirrar sem hann stundar nám á. Einnig getur nemandi fengið metnar allt að 12 einingar af sérgreinum tiltekinnar starfsnámsbrautar eða listnámsbrautar sem hluta af kjörsviði sínu. Reglan um 9 eininga lágmark í grein gildir einnig í þessu tilviki.

Skólar geta skipulagt kjörsvið að eigin vild innan þess ramma sem hér er tilgreindur og þeim er ekki skylt að bjóða fram allar greinar sem taldar eru á hverju kjörsviði.

Nemandi sem lokið hefur skilgreindu starfsnámi, t.d. grunnnámi eða lengra starfsnámi, með fullnægjandi árangri og óskar að innritast á bóknámsbraut, getur fengið sérgreinar starfsnámsins metnar til allt að 12 eininga á kjörsviði brautarinnar auk þess sem hann getur nýtt sér frjálsa valið í sama tilgangi. Nemandi getur því fengið allt að 21 einingu metna á þennan hátt sem hluta af námi til stúdentsprófs. Sama gildir um nemanda sem hefur lokið viðurkenndu listnámi með fullnægjandi árangri við sérskóla.

Frjálst val (9 einingar): Nemendur hafa tækifæri til að velja sér 9 einingar í frjálsu vali.

Tafla 4. Brautarlýsingar í einingum

	Félagsfræðabraut	Málabraut	Náttúrufræðibraut
Kjarni	78	78	78
Íslenska	12	12	12
Enska	12	12	9
Danska	3	6	3
Þriðja mál	9	12	6
Fjórtá mál		9	
Stærðfræði	6	3	12
Saga	9	6	6
Félagsfræði	6	3	3
Samfélagsfræði			
skv. ákvörðun skóla	6		
Lífsleikni	3	3	3
Náttúruvísindi	6	6	
Náttúrufræðigreinar			
skv. ákvörðun skóla			6
Eðlisfræði			3
Efnafræði			3
Líffræði			3
Jarðfræði			3
Íþróttir	6	6	6
Kjörsvið	24	24	24
	Félagsfræði	Danska/norska/	Efnafræði
	Fjölmíðlafræði	sænska	Eðlisfræði
	Heimspeki	Enska	Jarðfræði
	Íslenska	Franska	Landafræði
	Landafræði	Íslenska	Lífeðlisfræði
	Saga	Latína	Líffræði
	Sálarfræði	Spænska	Næringarfræði
	Stærðfræði	Stærðfræði	Stærðfræði
	Uppeldisfræði	Þýska	Tölvufræði
	Viðskiptagreinar	Tungumál val skóla	
Frjálst val	9	9	9

Í Töflu 3 er tilgreindur fjöldi eininga í einstökum námsgreinum á stúdentsbrautum. Í kjarna félagsfræðabrautar og náttúrufræðibrautar er gert ráð fyrir að hver skóli fyrir sig skilgreini 6 einingar, þ.e. 6 einingar í samfélagsgreinum á félagsfræðabraut og 6 einingar í náttúrufræðigreinum á náttúrufræðibraut. Tækifæri skóla til sérhæfingar felast í þessum einingum og einnig í áherslum á kjörsviðsgreinar og áfanga sem nemendur geta nýtt sér í frjálstu vali.

Til þess að koma breytingunum á verði farið yfir allar námskrár framhaldsskóla með tilliti til lengra skólaárs. Aðalnámskrár á grunn- og framhaldsskólastigi verði endurritaðar þannig að viðfangsefni byrjunar-áfanga sem nú eru á framhaldsskólastigi í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði verði að hluta eða öllu leyti fært á grunnskólastig. Námskröfur í þessum greinum verði ekki minni en í núverandi námsskipan frá grunnskóla til loka kjarnaáfanga í framhaldsskóla. Áherslubreytingar verði gerðar í námskrám í íslensku á framhaldsskólastigi þannig að nemendur þjálfist í auknum mæli í móðurmáli með lestri, ritun og verkefnum sem reyna á munnlega færni.

5 Aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla

Námsbrautir til stúdentsprófs eru með hefðbundnum hætti miðað við það sem gerist í nágrannalöndum og lögð er áhersla á þrjú megin svið, þ.e. félagsfræðagreinar, tungumál og náttúrufræðigreinar. Kjörsvið á bóknaðsbrautum til stúdentsprófs gefa nemendum tækifæri til að kafa dýpra í einstök námssvið tengd sérgreinum brautarinnar og þar með fá þeir markvissan undirbúning fyrir tiltekið nám á háskólastigi. Nemendum á málabraut hefur fækkað og ekki er ljóst hver orsök er. Sumir telja þetta áhyggjuefni og því er þessu máli vísað til menntamálaráðuneytisins til sérstakrar athugunar.

Við samningu aðalnámskráa sem voru gefnar út árið 1999 var haft að leiðarljósi að skólaganga væri samfelld frá fyrstu árum leikskóla til loka framhaldsskóla. Leitast var við að nám á öllum skólastigum tæki mið af því námi sem þegar er að baki og því sem framundan er. Þrátt fyrir þetta markmið er nokkur skörun samkvæmt námskránum milli fyrstu áfanga framhaldsskóla og 10. bekkjar grunnskóla. Tengja þarf einnig betur kennslu á síðasta ári leikskóla og fyrsta ári grunnskóla.

Lagt er til að allar námskrár skólastiganna verði endurskoðaðar með það í huga að endurtekning verði sem minnst milli skólastiga og á framhaldsskólastigi með lengingu árlegs kennslutíma í huga. Farið verði sérstaklega yfir aðalnámskrár grunnskóla í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði og skapað svigrúm innan grunnskólans fyrir viðfangsefni sem nú eru kennd í byrjunaráföngum framhaldsskóla í þessum námsgreinum. Þetta verði t.d. gert með þeim hætti að einhver hluti af viðfangsefni í 2. bekk í stærðfræði verði fært til 1. bekkjar, viðfangsefni úr 3. bekk til 2. bekkjar og síðan koll af kolli en að breytingin verði mest á viðfangsefnum 8., 9. og 10. bekkjar grunnskóla. Hliðstætt gæti átt sér stað í ensku og dönsku en kennsla í ensku hefst í 5. bekk og í dönsku í 7. bekk. Breytingar verði á áherslum í íslenskukennslu og námsþættir fluttir á milli skólastiga eftir því sem mögulegt þykir eftir ítarlega skoðun námskráa á báðum skólastigum. Áhersla á lestur, tjáningu og ritun verði aukið í íslenskukennslu en áhersla á bókmenntasögu minnkuð á framhaldsskólastigi. Í þessu felst aukið vinnuálag á nemendum framhaldsskóla í íslensku vegna fleiri ritunaræfinga, aukins lesturs og fleiri æfinga í munnlegri færni.

Til að samfellan verði sem best í þessum greinum milli skólastiga verði viðfangsefni 8.–10. bekkjar skilgreint sem áfangar og áfangar sem kenndir eru á framhaldsskólastigi skilgreindir í beinu framhaldi af þeim. Skólar á báðum skólastigum ákvarða eftir sem áður skipulag í bekkjar- eða áfangakerfi. Í áfangaskólum verði hægferðir kenndar eftir sem áður sem gagnast þeim nemendum sem þurfa lengri tíma til námsins og áfangar fyrir þá sem þurfa á upprifjun á grunnskólanámi að halda.

Bætt verði í aðalnámskrá framhaldsskóla áfangalýsingum námsgreina sem ekki eru þar nú þegar en taldar eru upp sem kjörsviðsgreinar.

Skólar á háskólastigi nefna að mikilvægt sé að með stúdentsnámi fái nemendur góða undirstöðu í stærðfræði, ensku og íslensku ásamt góðri almennri menntun. Flestir skólar á háskólastigi tilgreina ekki ákveðna áfanga sem inntökuskilyrði en vilja nemendur með góða almenna menntun. Mikil fjölbreytni er í námsvali á háskólastigi og því er mikilvægt að nemendur geti undirbúið sig með ákveðið háskólanám í huga. Skipulag stúdentsbrauta verður því að vera með þeim hætti að þar sé gert ráð fyrir

nægilegri fjölbreytni og sveigjanleika þannig að nemendur geti undirbúið sig sem best fyrir það háskólanám sem hugur þeirra stefnir til.

Við yfirferð aðalnámskráa í grunn- og framhaldsskóla verði lögð megináhersla á eftirfarandi:

5.1 Íslenska

Í aðalnámskrá er lögð á það áhersla að íslenskukennslan sé heildstæð en ljóst þykir að sumir áfangar í framhaldsskóla bjóði frekar upp á heildstæða kennslu en aðrir.

Breyta þarf áherslur í íslensku þannig að aukin áhersla verði lögð á ritun og leikni nemenda í málinu, s.s. málfar og munnlega færni. Aukna áherslu þarf að leggja á þátt ritunar og tjáningar en minni á bókmenntasögu. Áherslu þarf einnig að leggja á að nemendur lesi meira að eigin vali. Markmiðið með áherslubreytingunum er að auka málvitund nemenda, bæta stafsetningu og hæfni í að tjá sig í ræðu og riti.

Starfshópur um námskrár- og gæðamál álitur að þessar breytingar á íslenskukennslu hafi í för með sér aukið vinnuálag fyrir íslenskukennara og vísar málinu til starfshóps um starfsmannamál til frekari athugunar.

Athuga þarf hvort heppilegt sé að skipta námsþáttum á milli skólastiga með öðrum hætti en nú.

Byrjunaráfangi í íslensku á framhaldsskólastigi verði einnig skilgreindir sem tveir hægferðaráfangar þannig að í fyrri áfanganum verði gert ráð fyrir upprifjun á grunnskólanámi. Með þessu móti verði nemendum gefinn kostur á að ljúka fyrstu þremur einingunum á tveimur önnum.

Við yfirferð aðalnámskráa verði lögð áhersla á að:

- *Minnka áherslu á bókmenntasögu á framhaldsskólastigi en auka áherslu á tjáningu og ritun í öllum áföngum.*
- *Námsþættir verði færðir á milli skólastiga að hluta eða í heild og áhersla á ritun og tjáningu aukin á grunnskólastigi.*
- *Finna frjálsum lestri stað í sem flestum bekkjum grunnskóla og áföngum framhaldsskóla. Nemendur fái í auknum mæli að velja sér lestrarefni. Haft verði að leiðarljósi að farið verði yfir fleiri bókmenntaverk en nú er gert, bókmenntir kynntar en minni áhersla lögð á bókmenntafræði.*

5.2 Erlend tungumál

Sum lokamarkmið í námskrá erlendra tungumála eru of háleit og nauðsynlegt er að greina þau betur og gera þau skýrari. Mikilvægt er að kennsla og námsmat endurspegli námsmarkmið námskrárinnar. Því þarf að finna leiðir til að þjálfa nemendur sem best í töluðu máli og leiðir til að meta færni þeirra í þeim námsþætti til jafns við aðra þætti námsins. Í nágildandi námskrá er bent á leiðir til að meta talað mál en áhersla á þennan þátt mætti vera meiri.

Bent hefur verið á að væru áfangar í erlendum tungumálum á framhaldsskólastigi skilgreindir sem tveggja eininga áfangar lærðu nemendur tungumálin á lengri tíma en ef um stærri áfanga væri að ræða og að það gæti skilað betri árangri nemenda.

Kennsla í þriðja máli er víða valgrein í grunnskólum en til þess að námið verði metið á framhaldsskólastigi þarf það að vera sambærilegt fyrsta áfanga í framhaldsskóla. Nemendur grunnskóla þurfa að taka sambærileg próf og framhaldsskólanemendur svo þeir fái námið viðurkennt.

Byrjunaráfangar í ensku og dönsku á framhaldsskólastigi verði einnig skilgreindir sem tveir hægferðaráfangar þannig að í fyrri áfanganum verði gert ráð fyrir upprifjun á grunnskólanámi. Með þessu móti verði nemendum gefinn kostur á að ljúka fyrstu þremur einingunum á tveimur önnum.

Við yfirferð aðalnámskráa verði lögð áhersla á að:

- *Fara yfir aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla í ensku og dönsku með það í huga að fyrstu 3 einingarnar á framhaldsskólastigi flytjist að hluta eða í heild á grunnskólastig.*
- *Skilgreina valda áfanga í erlendum tungumálum einnig sem tveggja eininga áfanga á framhaldsskólastigi. Skólar velji sjálfir hvort þeir kenna þriggja eða tveggja eininga útfærslu.*
- *Þeir grunnskólar sem bjóða nemendum þriðja mál sem valgrein noti námskrár framhaldsskóla til að skipuleggja kennslu og námsmat.*

5.3 Náttúrufræðigreinar

Samþætting NÁT-áfanganna á framhaldsskólastigi í aðalnámskrá frá 1999 virðist ekki hafa tekist eins og forvinnuhópur fyrir námskrárgerðina gerði ráð fyrir. NÁT 123 hefur í sumum skólum valdið vandræðum þar sem kennarar telja sig ekki hafa fagmenntun til að kenna bæði efna- og eðlisfræði. Nokkrir skólar hafa því breytt áfanganum og lagt mismunandi áherslur á efnisatriðin eftir námsbrautum.

Endurskoðunar er þörf á NÁT-áföngunum í samræmi við lokamarkmið stúdentsbrauta. Nemendur mála- og félagsfræðabrauta læri samþætтан almennan grunn náttúrufræða en nemendur náttúrufræðibrauta hefji strax undirbúning fyrir sérhæfingu í kjarna og kjörsviði brautarinnar.

Þar sem verklegar æfingar verða í sumum tilfellum útundan í kennslunni þarf að bæta inn í aðalnámskrá upptalningu á skylduæfingum, lýsingu á þeim og tilgreina nauðsynlegan tækjabúnað.

Við yfirferð aðalnámskráa verði lögð áhersla á að:

- *Taka hugmyndir forvinnuhópsins fyrir námskrárgerð á sviði náttúrufræðigreina sem settar eru fram í lokaskýrslu hópsins frá 1997 upp að nýju og semja nýjar áfangalýsingar fyrir NÁT-áfanga í framhaldsskóla fyrir málabraut og félagsfræðabraut.*
- *Í kjarna náttúrufræðibrautar verði gert ráð fyrir 6 einingum í náttúrufræðigreinum sem hver skóli fyrir sig ræður hvernig hann ráðstafar. Þannig geti einn skóli t.d. valið að setja 3 einingar í kjarna brautarinnar í eðlisfræði en annar 6 einingar. Skólar geti einnig valið að nemendur náttúrufræðibrautar sitji NÁT-áfanga með nemendum mála- og félagsfræðabrauta.*
- *Athuga alla áfanga þar sem gert er ráð fyrir verklegum æfingum og bæta við lýsingum á skylduæfingum og þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að gera þær.*

5.4 Stærðfræði

Skörun er á viðfangsefnum í stærðfræði í grunn- og framhaldsskóla og ljóst þykir að ekki þurfi allir nemendur á þessari endurtekningu að halda. Nemendum í áfangaskólum er skipt eftir einkunnum úr grunnskóla og því má sleppa þeim nemendum sem standa sig vel við endurtekninguna. Byrjunaráfangi í stærðfræði á framhaldsskólastigi verði einnig skilgreindur sem tveir hægferðaráfangar þannig og í fyrri áfanganum verði gert ráð fyrir upprifjun á grunnskólanámi. Með þessu móti verði nemendum gefinn kostur á að ljúka fyrstu þremur einingunum á tveimur önnum.

Ástæða er til að ætla að nemendur sem velja að stunda nám á félagsfræðabraut hyggist stunda nám á háskólastigi sem tengist félagsvísindum. Grundvallaratriði í tölfraði er nauðsynlegur undirbúningur fyrir það nám og því er æskilegt að í kjarna félagsfræðabrautar sé áfanginn STÆ313.

Við yfirferð aðalnámskráa verði lögð áhersla á að:

- *Fara yfir aðalnámskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla í stærðfræði með það í huga að færa 3 einingar úr framhaldsskóla að hluta eða í heild til grunnskóla.*

5.5 Samfélagsfræði

Á framhaldsskólastigi mætti draga úr áherslum á aðferðafræði greinanna en leggja aukna áherslu á málefni líðandi stundar er tengjast umfjöllunarefnum áfanganna. Mikilvægt er að áfanginn FÉL103 verði eftir sem áður sameiginlegur grunnur félagsfræðagreina.

Skoðanir eru skiptar um hvort breyta eigi áherslum í kjarna stúdentsbrauta á þann veg að heimspeki og trúarbragðafræði verði gefið þar rúm. Gert er ráð fyrir að á félagsfræðabraut verði skólum gefið frjálsræði eins og nú til að skilgreina 6 einingar í samfélagsgreinum í kjarna brautanna. Því geta skólar valið heimspeki í kjarna brautanna eða valið að bjóða nemendum að taka áfangann í frjálsu vali. Um trúarbragðafræði er fjallað í sögu- og félagsfræðiáföngum.

Landafræði í 8. bekk grunnskóla er náttúrufræðimiðuð og draga mætti úr þeirri áherslu.

Við yfirferð aðalnámskráa verði lögð áhersla á að:

- *Yfirfara lýsingar á samfélagsfræðiáföngum með það í huga að draga úr áherslum á aðferðafræði en auka áherslu á umfjöllun um málefni sem snerta umhverfi og daglegt líf nemenda.*

5.6 Lífsleikni

Lífsleikni er skyldugrein í grunnskóla og á öllum brautum framhaldsskóla og er ætlað að efla alhliða þroska nemenda og stuðla að því að þeir verði að heilsteyptum einstaklingum. Lífsleiknin á m.a. að styrkja nemendur í að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs.

Námsgreinin kom fyrst inn í aðalaðalnámskrá árið 1999. Byggja þarf endurskoðun námskráa í lífsleikni á þeirri reynslu sem safnast hefur undanfarin ár. Skoða þarf lýsingar á lífsleikninámi í grunn- og framhaldsskóla og gera þær markvissari. Nauðsynlegt er að nemendur fjalli ekki á sama hátt um viðfangsefnin á báðum skólastigum.

Við yfirferð aðalnámskráa verði lögð áhersla á að:

- *Fara yfir aðalnámskrár í lífsleikni bæði á grunn- og framhaldsskólastigi. Nýta þarf þá reynslu sem hefur fengist, gera lýsingar í námskrá markvissari og skipta viðfangsefnum á milli skólastiga með skýrum hætti.*

5.7 Íþróttir

Íþróttir eru skipulagðar með fjölbreyttum hætti eftir skólum og aðstöðu sem í boði er. Samkvæmt aðalnámskrá er skólaíþróttum í framhaldsskólum ætlað mikilvægt hlutverk og gera þarf ráð fyrir því að nemendur velji einn íþróttaráfanga á önn.

Við yfirferð aðalnámskráa verði lögð áhersla á að:

- *Breyta uppbyggingu og áfangalýsingum í íþróttum á þann veg að í kjarna stúdentsbrauta verði 6 einingar í íþróttum. Miða skal við að 2 einingar verði sameiginlegir áfangar sem allir nemendur taka og að nemendum verði gefinn kostur á að velja sér aðrar 4 einingar í samræmi við námsframboð skóla.*

5.8 Starfsnám

Þar sem lagt er til að skólaárið verði lengt frá því sem nú er og miðað við að kennsludögum fjölgi úr 145 í 155, þarf að endurskoða áfangalýsingar í starfsnámi með tilliti til þess. Endurskoða þarf bóklegar greinar starfsnámsbrauta með tilliti til breytinga á byrjunaráföngum í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði. Þar sem nokkuð algengt er að nemendur skipti um námsbrautir á fyrstu önnum í framhaldsskóla er mikilvægt að grunnáfangar í bóklegum greinum séu eins á starfsnáms- og bók-námsbrautum. Hver starfsnámsbraut er skipulögð með þarfir starfs-greinarinnar í huga og því eru starfsnámsbrautir mismunandi að lengd og innihaldi. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla á samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi að vinna að bættum tengslum skóla og atvinnulífs og er menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms. Starfsgreinaráð gera tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms. Lagt er til að breyttar námskrár starfsnámsbrauta taki gildi um leið og breytt námskrá fyrir stúdentsbrautir tekur gildi. Jafnframt er nauðsynlegt að endurskoða viðbótarnám til stúdentsprófs.

Við yfirferð námskráa verði lögð áhersla á að:

- *Menntamálaráðuneytið endurskoði hvaða bóklegir áfangar verði í kjarna starfsnámsbrauta á framhaldsskólastigi með tilliti til breytinga á aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku.*
- *Starfsgreinaráð yfirfari verklega og fagbóklega áfanga starfsnámsbrauta og lengd námsins með tilliti til lengra skólaárs og styttri námstíma til stúdentsprófs.*
- *Viðbótarnám til stúdentsprófs verði endurskoðað m.t.t. breytinga á námi til stúdentsprófs á bóknámsbrautum.*

5.9 Aðrar námsbrautir framhaldsskóla

Tillaga um skipan náms til stúdentsprófs hefur áhrif á aðrar brautir framhaldsskóla vegna lengra skólaárs og breyttra grunnáfanga í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði. Ekki er sjálfsgefið að allar námsbrautir framhaldsskóla styttest vegna þessa en nauðsynlegt er að yfirfara námsskipan allra brauta og áfangalýsingar og gera breytingar ef þurfa þykir.

Í því skyni að koma til móts við þarfir breiðari hóps framhaldsskólanema er þarft að auka framboð náms á framhaldsskólastigi.

Áhersla er lögð á að:

- *Námskrá listnámsbrauta og annarra námsbrauta framhaldsskólans verði endurskoðaðar og lengd námsins með tilliti til lengra skólaárs, breyttra grunnáfanga og styttri námstíma til stúdentsprófs.*
- *Kanna þarf möguleika á að því auka framboð náms á framhaldsskólastigi. Þetta mætti t.d. gera með því að styrkja skóla til tilraunastarfs á þessu sviði í samræmi við atvinnuþróun í nánasta umhverfi skóla.*

5.10 Endurskoðun aðalnámskráa

Samkvæmt erindisbréfi starfshóps um námskrár og gæðamál á hópurnum meðal annars að:

Gera kostnaðaráætlanir vegna breytinganna og leggja fram tillögur um skipan undirhópa sem fjalla skulu um einstakar námsgreinar.

5.10.1 Verklag

Hópurinn gengur út frá því að ráðuneytið muni skipa verkefnisstjórn og ráða verkefnisstjóra sem vinnur með verkefnisstjórn og fylgir verkinu eftir. Með hliðsjón af þessu gerir hópurinn eftirfarandi tillögur:

Skipaðir verði vinnuhópar til að vinna að endurritun aðalnámskrár, einn fyrir hvert þeirra námssviða sem talin verða síðar. Í hverjum hópi verði þrír fulltrúar, þar af tveir kennarar tilnefndir af Kennarasambandi Íslands og einn tilnefndur af menntamálaráðuneyti. Verkefnisstjórn velur formann hvers vinnuhóps úr hópi þeirra sem tilnefndir hafa verið.

Hver hópur fyrir sig getur valið fulltrúa til viðbótar til þess að fjalla um afmarkaða þætti innan viðkomandi námssviðs að fengnu samþykki verkefnisstjórnar.

Verkefnisstjórn gefur út leiðbeiningar til vinnuhópa.

Hóparnir bera fulla faglega ábyrgð á námskrárgerðinni, og fullnaðar frágangi handrits að viðkomandi námskrá gagnvart verkefnisstjórn. Þetta felur í sér að hóparnir skulu sjá til þess að verkáætlunum sé fylgt og að tímasetningar standist. Komi í ljós að ekki reynist unnt að fylgja verk-, tíma- eða kostnaðaráætlun í einhverju tilviki skal vísa málinu til verkefnisstjórnar til úrlausnar.

5.10.2 Leikskóli

Komið verði á fót vinnuhópi til þess að fara yfir aðalnámskrá leikskóla og aðalnámskrár fyrstu námsára í grunnskóla með það að markmiði að tengja betur nám og kennslu á þessum skólastigum. Hópurinn fjalli m. a. um aðferðir í uppeldi og námi og leitist við að draga fram sérstök áhersluatriði sem máli skipta fyrir farsælt starf á skilum þessara skólastiga.

5.10.3 Grunnskóli og bóknámsbrautir framhaldsskóla

Verkefni hópanna verður að endurskoða markmiðssetningu í aðalnámskrám beggja skólastiga eftir því sem við á og flytja námsmarkmið og námsþætti milli námsára og námsáfanga með það að markmiði að heildarnámstími frá byrjun grunnskóla til loka framhaldsskóla verði þrettán ár. Hóparnir þurfa því að taka afstöðu til þess hvort markmiðssetning sé í einhverjum tilvikum of ítarleg þannig að þeim megi fækka og veita skólum þannig meira svigrúm til skólanámskrárgerðar.

Ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði á almennum texta í aðalnámskránum þar sem fjallað er um nám og kennslu, skipan náms, námsmat o. fl. nema þá lítillega.

Verkefni hópanna skiptast því í tvo meginþætti. Í fyrsta lagi áætlun um tilfærslu á viðfangsefnum á milli námsára, skólastiga og námsáfanga. Í öðru lagi bein vinna við endurritun námskránna. Miðað við þetta verklag hefur hópurinn reynt að áætla vinnu við hverja námskrá fyrir sig en eins og eftirfarandi yfirlit ber með sér þá er mjög mismunandi hvað undirþættir eru margir í einstökum greinaflokkum.

5.10.4 Aðalnámskrár í bóklegum greinum sem þarf að endurskoða eru:

Íslenska, hér undir íslenska sem annað tungumál, íslenska fyrir heyrnarlausa, íslenskt táknmál fyrir heyrnarlausa.

Stærðfræði

Erlend tungumál, enska, enska fyrir heyrnarlausa, danska/norska/sænska, danska fyrir heyrnarlausa, franska, spænska, þýska.

Samfélagsgreinar, samfélagsfræði í grunnskóla, 1. – 4. bekkur, félagsfræði, fjölmiðlafræði, hagfræðigreinar, kristinfræði, siðfræði, trúarbragðafræði, landafræði, saga, sálfræði, uppeldis- og menntunarfræði, þjóðfélagsfræði.

Lífsleikni

Náttúrufræði, náttúrufræði í grunnskóla, náttúruvísindi á mála- og félagsfræðabraut, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffræði, hér undir líffræði, lífeðlisfræði, vistfræði, erfðafræði, verkefnalíffræði, umhverfisfræði.

Íþróttir

Upplýsinga- og tæknimennt

Skrifa þarf einnig námskrár fyrir kjörsviðsgreinar sem ekki eru nú þegar í aðalnámskrá.

5.10.5 Starfsnámsbrautir

Lenging árlegs starfstíma skóla hefur áhrif á starfsnám að því leyti að áfangar stækka sem nemur lengingu kennslutíma. Því er líklegt að umrita þurfi flestar áfangalýsingar í sérgreinum viðkomandi starfsnáms en þetta þarf ekki að fela í sér að inntak námsins breytist. Því er lagt til að þessum þætti málsins verði vísað til starfsgreinaráða og óskað eftir tillögum þeirra um nauðsynlegar lagfæringar á námskránum. Verkinu þarf að vera lokið áður en stytting námstíma til stúdentsprófs kemur til framkvæmda.

5.10.6 Aðrar námsbrautir

Námskrár sem ekki falla undir það nám sem áður er nefnt þarf að yfirfara með hliðstæðum hætti og námskrár starfsnámsbrauta. Skipa þarf sérstaka vinnuhópa til að vinna að þessum verkum eftir því sem þörf krefur. Af námi sem hér um ræðir má t.d. nefna listnám og viðbótarnám til stúdentsprófs. Nám í almennum greinum á þessum brautum fellur saman við nám á námsbrautum til stúdentsprófs þannig að á listnámsbraut þarf fyrst og fremst að yfirfara námskrár í sérgreinum vegna lengingar kennslutíma og hvað varðar viðbótarnám til stúdentsprófs þarf að endurmeta lengd námsins og reglur sem um það gilda.

5.10.7 Kostnaðar- og tímaáætlun

Með vísun til greiningar á verkefnum fyrir hverja námsgrein eða greinaflokk hér að framan þá er það mat starfshóps um námskrár- og gæðamál að gera megi ráð fyrir vinnuframlagi vegna endurskoðunar aðalnámskráa fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem nemur u.þ.b. 70 mannmánuðum. Við kostnað vegna þessarar vinnu bætast launagreiðslur til verkefnisstjóra og ritara svo og útgáfukostnaður. Einnig þarf að hafa í huga að ráðuneytið þarf að sjá þeim sem vinna að endurskoðuninni fyrir vinnuaðstöðu.

Lagt er til að endurskoðun aðalnámskráa verði unnin á tímabilinu 1. janúar til 15. júlí 2005. Til þess að þetta geti tekist þarf að nota haustið 2004 til að undirbúa verkið, þ.e. ráða fólk og útvega annað sem til þarf. Ef þetta gengur eftir ættu námskrárnar að geta komið út á fyrri hluta árs 2006.

6 Vinnubrögð

Til að breytingar á skipulagi og námsskipan á framhaldsskólastigi skili sem bestum árangri er áhersla lögð á að eftirfarandi hugmyndum verði hrint í framkvæmd:

6.1 Kennsla

Nám sem byggir á töluðu máli, framsögn, hlustun og áhorfi nemenda verður oft útundan í kennslustundum og einnig er í sumum tilfellum ekki lögð nægileg áhersla á ritun. Ástæðurnar telja kennarar vera þær helstar að þessir þættir séu tímafrekir og að ekki er prófað úr þeim sérstaklega. Þessir námsþættir eru þó skilgreindir í aðalnámskrá. Tjáning er mikilvæg fyrir nemendur og því slæmt að áhersla á þjálfun nemenda í munnlegri færni sé ábótavant. Mikilvægt er fyrir virkan þegn í lýðræðisþjóðfélagi að geta komið skoðunum sínum á framfæri og tjáð sig fyrir framan hóp manna. Gott málfar, stafsetning og stíll er nemendum nauðsynlegt veganesti. Þjálfar þarf því með markvissum hætti færni nemenda í tjáningu og ritun.

Gert er ráð fyrir að í öllu skólastarfi sé unnið ákveðið að því að skólar sinni hlutverki sínu sem kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla. Sýnileg tengsl þurfa að vera á milli hlutverksins og þess starfs sem fram fer í skólunum. Í þessu skyni og til þess að skapa tengsl á milli námsgreina væri aukið samstarf kennara um þverfagleg viðfangsefni til bóta.

Samkvæmt ofansögðu er nauðsynlegt að leggja áherslu á að:

- *Skerpa á áherslum í námskrá um mikilvægi tjáningar og nauðsyn á markvissri þjálfun hennar í öllum greinum. Þetta verði gert m.a. með tillögum um hvernig meta má munnlega færni nemenda.*
- *Skólar hafi ætíð til hliðsjónar svo sem í skólanámskrám og í kennsluáætlunum, hlutverk grunn- og framhaldsskóla samkvæmt lögum. Við val á lesefni og umræðuefni í kennslustundum þarf því að taka mið af hlutverkinu.*
- *Leita leiða til að skapa frekari skilyrði fyrir samstarf kennara og þverfaglega kennslu.*

6.2 Námsmat

Talið er að próf séu stýrandi fyrir kennslu. Ef t.d. munnleg færni nemenda væri prófuð reglulega myndu kennarar leggja meiri áherslu á slíka þjálfun. Í námsmati felst aðhald og upplýsingagjöf um stöðu nemandans bæði til hans sjálfs og til forráðamanna hans. Þetta gildir um heima- og tímaverkefni, skyndipróf og lokapróf. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans heldur er það einn af mörgum föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Mat á námi og framförum er því hluti skólastarfsins og hver skóli á að geta valið ólíkar leiðir að settu marki. Skipting starfstíma framhaldsskóla í sérstaka kennslu- og prófadaga er því ekki ráðleg.

Áreiðanlegar upplýsingar til nemenda um stöðu þeirra í námi og um framvindu námsins skiptir þá afar miklu. Ekki er víst að hefðbundin skrifleg lokapróf gefi besta mynd af kunnáttu nemenda. Til að námsmat gefi góða mynd af námstöðu nemenda er mikilvægt að það sé fjölbreytt. Reyna þarf nýjar leiðir í námsmati og nýta tækni sem sparar tíma við yfirferð verkefna og prófa. Leita mætti fanga víða eftir hugmyndum svo sem í nágrannalöndum. Í Danmörku er starfandi starfshópur um þessar mundir

sem vinnur að hugmyndum um fjölbreyttara námsmat en nú er viðhaft í dönskum skólum. Einn möguleiki er að kanna notagildi rafrænna prófa. Nú nýta flestir framhaldsskólar 6 vikur til prófahalds og frágangs prófa. Áhersla er lögð á að kennsludögum í framhaldsskóla fjölgi á kostnað prófadaga. Til að tryggja að þetta markmið náist er nauðsynlegt að veita kennurum stuðning, leiðbeiningu og hvatningu til að breyta vinnubrögðum sínum við að meta stöðu nemenda í námi. Samkvæmt ofansögðu er nauðsynlegt að:

- *Auka vægi símats á báðum skólastigum.*
- *Setja á stofn starfshóp sem setur fram hugmyndir að fjölbreyttu námsmati. Hópurinn leiti leiða til að nýta námsmatsaðferðir til að stuðla að bættum námsárangri.*
- *Prófa aðferðir í samstarfi við Námsmatsstofnun til að meta munnlega færni nemenda og færni þeirra til að setja fram skoðanir sínar og rökstyðja þær.*

6.3 Námsráðgjöf

Mikilvægt er að nemendur hafi greiðan aðgang að náms- og starfsráðgjöf í skólum á grunn- og framhaldsskólastigi. Fjölgun námsleiða á háskólastigi og mismunandi fornámskröfur eftir námsleiðum og skólum auka enn kröfur um vandað náms- og starfsval grunn- og framhaldsskólanemenda. Gagnlegt er fyrir nemendur í stúdentsnámi að taka mið að þeim undirbúningi sem skólar á háskólastigi telja nauðsynlegan eða æskilegan þegar þeir velja sér námsbraut og kjörsviðsgreinar.

Samkvæmt ofansögðu er mikilvægt að:

- *Áhersla á námsráðgjöf í grunn- og framhaldsskóla verði enn aukin.*

6.4 Heimanám - vinna nemenda með námi

Kennarar og stjórnendur framhaldsskóla telja að takmarkað heimanám nemenda sé vandamál í íslenskum framhaldsskólum. Kennsla er skipulögð þannig að ætlast er til ákveðinnar heimavinnu og verkefnaskilum af nemendum og þeir nemendur sem sinna þessum þáttum illa standa verr að vígi og ná síður námsmarkmiðum áfanganna. Hluti þessa vanda er tilkominn vegna vinnu nemenda með námi sem er umtalsverð á framhaldsskólastigi.

Til að sporna gegn þessum vanda þarf að leggja áherslu á að:

- *Nám er full vinna.*
- *Tryggja eins og kostur er að skipulag námsins verði með þeim hætti að nemendur í fullu námi skili fullum vinnudegi með setu í kennslustundum og heimanámi.*
- *Leita leiða til að skipuleggja nám þannig að nemendur sinni náminu reglubundið allan námstímann. Þetta má til dæmis gera með símati og verkefnavinnu sem vega þungt í lokaeinkunn.*
- *Leita leiða til að bæta aðstöðu nemenda til heimanáms í skólum og til að nemendur nýti sér aðstöðuna.*

6.5 Námsgögn

Námsgögn hafa áhrif á kennsluhætti og efnistöð og mikilvægt er að vanda til námsefnisgerðar. Kennsla miðast óhjákvæmilega að mestu leyti við námsefnið sem er á boðstólum. Kennslubækur í sumum námsgreinum á framhaldsskólastigi teljast vera þurrar, of fræðilegar, unnar af vanefnum og ýti ekki undir áhuga nemenda á greinunum.

Auka þarf útgáfu námsgagna á vef því skortur er þar á góðum námsgögnum á íslensku. Greiða þarf fyrir því að unnt sé að gefa út námsgögn á vef. Vefræn útgáfa gæti orðið til þess að námsgagnagerð fyrir fámenna áfanga styrkist með minni kostnaði og hún auðveldar einnig breytingar og endurnýjun námsgagna.

Sumstaðar skortir tæki til verklegrar kennslu. Þó að aðstaðan hafi almennt batnað síðustu ár þá eru skólar misvel búnir til að sinna þessum þætti kennslunnar. Til bóta væri að tilgreina í námskrá verklegar skylduæfingar og hvað þurfi til þess að framkvæma þær og gera ráð fyrir að þá muni skólar að minnsta kosti útvega þau tæki og tól.

Upplýsingatækni er vaxandi þáttur í starfi skólanna og nauðsynlegt er að kenna nemendum að umgangast og nýta sér tæknina. Mikið álag er á tölvukost skólanna og ekki eiga allir skólar tölvur sem hægt er að flytja á milli kennslustofa til notkunar í einstökum kennslustundum. Talið er að þetta sé ein ástæða fyrir því að áhersla á notkun upplýsingatækni í námi sé ábótavant í einstökum greinum.

Þegar gerðar eru meiriháttar breytingar á námsgögnum einstaka námsgreina þurfa kennarar á skipulögðum stuðningi að halda.

Samkvæmt ofansögðu er nauðsynlegt að leggja áherslu á að:

- *Greina þarf þau námsgögn sem til eru á grunn- og framhaldsskólastigi og finna þær námsgreinar þar sem verulegur skortur er á námsgögnum. Samfara þessu verði veitt auknu fjármagni til námsefnisgerðar.*
- *Halda þarf áfram á þeirri braut að bæta aðstöðu í skólum til notkunar upplýsingatækni við nám og kennslu í öllum námsgreinum á báðum skólastigum.*
- *Útbúinn verði listi yfir lágmarksbúnað skóla til verklegrar kennslu verði útbúinn til hliðsjónar fyrir skóla og aðstoðar við uppbyggingu aðstöðu til verklegra æfinga.*
- *Þegar gerðar eru meiriháttar breytingar á námsgögnum einstakra námsgreina þarf að tryggja að í kjölfarið verði skipulögð námskeið fyrir alla kennara sem kenna eiga ný viðfangsefni.*

7 Skil skólastiga

Í hugmyndum að nýrri námsskipan stúdentsnáms er lagt til að skil skólastiga verði skoðuð sérstaklega. Með yfirferð á aðalnámskrám verði tengsl grunnskóla og framhaldsskóla tekin til endurskoðunar og einnig tengsl leikskóla og grunnskóla.

Munur er á uppbyggingu aðalnámskráa leikskóla og grunnskóla. Námskrá leikskóla byggir að miklu leyti á því að nemendur öðlist þekkingu í gegnum leik en námskrá grunnskóla miðast meira við einstakar námsgreinar, aldur nemenda og skipulagt nám. Nauðsynlegt er að endurskoða námskrárnar með það í huga að tengja betur síðasta ár í leikskóla og fyrsta ár í grunnskóla. Ýmis þróunarverkefni hafa verið unnin á þessu sviði og við endurskoðun aðalnámskráa mætti nýta reynslu sem fengist hefur af því starfi.

Nemendum í 9. bekk er heimilt að þreyta samræmd lokapróf grunnskóla en samkvæmt lögum teljast nemendur ekki hafa lokið grunnskóla fyrr en þeir hafa einnig lokið öllu námi 10. bekkjar jafnvel þó að þeir taki öll samræmdu prófin við lok 9. bekkjar. Samkvæmt reglugerð um samræmd próf í 10. bekk mega nemendur aðeins taka hvert samræmt próf einu sinni. Þetta veldur því að einhverjir nemendur kjósa frekar að taka prófin í 10. bekk en í 9. bekk og freista þess að fá betri einkunnir. Æskilegt er að gera þessa leið greiðari þannig að nemendur geti lokið grunnskóla við lok 9. bekkjar og farið þá strax í framhaldsskóla. Líklegt er að einhverjir nemendur sem gætu farið í framhaldsskóla beint eftir 9. bekk velji að gera það ekki og kjósi að fylgja bekkjarfélögum sínum í framhaldsskóla. Nemendur sem þess óska og geta þurfa að eiga kost á því að stunda nám á báðum skólastigum samtímis.

- Til að tryggja að allir nemendur eigi kost á því að stunda nám á báðum skólastigum, verði kannaðir möguleikar þess að allir grunnskólar eigi sér samstarfsskóla á framhaldsskólastigi. Markmið samstarfsins verði meðal annars það að gera nemendum í 9. og 10. bekk, sem þess óska og hafa getu til, kleift að stunda nám á báðum skólastigum í einu og taka próf í skilgreindum áföngum á framhaldsskólastigi sem metnir verða til eininga. Ýmsir möguleikar verði þar nýttir eftir aðstæðum svo sem að nemendur sæki kennslustundir í framhaldsskóla, fái kennslu í viðfangsefnum framhaldsskóla í grunnskóla en taki próf í framhaldsskóla, stundi fjarnám eða dreifnám.*
- Æskilegt er að grunnskólar skilgreini og skýri leiðir fyrir nemendum sem hyggjast þreyta öll samræmdu prófin í 9. bekk, svo þeir eigi möguleika á því að ljúka 8.–10. bekk á tveimur árum. Niðurstöður samræmdra prófa í 7. bekk gefa vísbendingar um hvaða nemendahóp er að ræða og þeir nemendur eigi kost á því að þreyta samræmdu prófin tvisvar, þ.e. við lok 9. bekkjar. Ef þeir skipta um skoðun og ákveða að taka 8.–10. bekk á þremur árum í stað tveggja og bæta árangur sinn þá eigi þeir kost á að endurtaka samræmdu prófin við lok 10. bekkjar.*
- Þeir nemendur sem kjósa að vera í 10. bekk þrátt fyrir að hafa námsgetu til að fara í framhaldsskóla fái tækifæri til að stunda nám á báðum skólastigum samtímis.*
- Tengsl leikskóla og grunnskóla verði tekin til athugunar með það í huga að tengja betur kennslu á skilum skólastiganna.*

8 Kennaramenntun

Menntun kennara skiptir miklu máli fyrir skólastarf, ekki síst fyrir áherslur, efnistöð, kennsluhætti og námsmat í einstökum námsgreinum.

Víða um land er erfiðleikum bundið að fá menntaða kennara til starfa. Vinna þarf áfram að því að fjölga kennurum með kennsluréttindi þar sem skortur er á þeim bæði á grunn- og framhaldsskólastigi.

Skólar úti á landi eru víða fámennir og því þurfa kennarar að vera vel að sér í kennslu allra aldurshópa á grunnskólastigi.

Það er áhyggjuefni hve fáir velja sér stærðfræði og náttúrufræðigreinar sem valfag í námi grunnskólakennara og finna þarf leiðir til að laða fleiri í það nám.

Samfara breytingu á aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla er nauðsynlegt að breyting verði á kennaramenntun bæði í starfsréttindanámi og í endurmenntun. Þetta þýðir að taka þarf tillit til breytinga á viðfangsefnum grunnskóla í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði og áherslna í kennslu og í námsmati framhaldsskóla.

Leggja þarf aukna áherslu á lögbundin hlutverk skólastiganna og veita kennurum stuðning bæði í starfsréttindanámi og í endurmenntun til að þróa leiðir til að ná þeim markmiðum sem sett eru í lögum og leiðir til að meta árangur þess starfs.

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að hver skóli móti að frumkvæði skólastjóra endurmenntunaráætlun fyrir starfsfólk sitt í samræmi við þær áherslur sem fram koma í skólanámskrá. Þróun undanfarinna ára á framboði til endurmenntunar fyrir grunnskólakennara hefur verið sú að námskeiðin eru nú síður miðuð við einstakar námsgreinar og ástæða til að ætla að skortur á endurmenntunartækifærum á sviði greinabundinnar kennslu komi niður á kennslunni, a.m.k. á unglingastigi.

Samkvæmt ofansögðu er nauðsynlegt að leggja áherslu á að:

- *Auka greinabundna kennslu í námi grunnskólakennara.*
- *Framboð endurmenntunar grunnskólakennara verði aukið á sviði greinabundinnar kennslu. Þetta verði gert með samstarfi þeirra aðila sem nú standa fyrir og bera ábyrgð á endurmenntun grunnskólakennara.*
- *Auka menntun framhaldsskólakennara í námsmati og prófagerð, bæði í kennsluréttindanámi og endurmenntun þeirra.*
- *Leggja áherslu á endurmenntunarnámskeið fyrir kennara þar sem fjallað er um kennsluaðferðir. Við framkvæmd námskeiðanna verði hafðar í huga aðferðir sem skila bestum árangri svo sem vettvangsnám. Námskeiðin má skipuleggja eftir námsgreinum og aldri nemenda og safna saman kennurum í ákveðnum landshlutum til að sækja námskeiðin. Þetta geti verið sérverkefni en áfram geti skólar sett saman námskeið sem styðja sérstaklega áherslur skólans.*
- *Vinna áfram að því að kennarar með kennsluréttindi skipi allar kennarastöður grunn- og framhaldsskóla.*

9 Mat á árangri

Í erindisbréfi starfshóps um námskrár- og gæðamál vegna styttingar námsstíma til stúdentsprófs kemur fram að starfshópurinn skuli:

Ákvarða leiðir til að meta hvort markmið með þriggja ára stúdentsnámi hafi náðst og tilgreina viðmið, framkvæmd og tímasetningu matsins.

Einnig segir í erindisbréfinu að starfshópurinn skuli:

Tilgreina breytingar sem nauðsynlegt er að gera á námskrám í einstökum greinum án þess að gæði námsins skerðist frá því sem nú er.

Námsbrautir framhaldsskóla eru ólíkar að inntaki og lengd og áherslur bæði fræðilegar og hagnýtar, allt eftir markmiðum námsins. Auk þess að uppfylla almennt hlutverk framhaldsskólans (2. gr. laga um framhaldsskóla 80/1996), er markmið náms til stúdentsprófs að búa nemendur undir nám á háskólastigi (16. gr. laga um framhaldsskóla). Núverandi skipan námsins byggir á fjöggra ára námsramma á framhaldsskólastigi en tillögur að nýrri skipan byggir á þriggja ára ramma.

Með breytingunum er þess árangurs vænst að meðalnámstími til stúdentsprófs styttest og að námið veiti jafn góðan eða betri undirbúning fyrir nám á háskólastigi og nú.

Ef nemendum gengur vel í námi á háskólastigi má gera ráð fyrir að stúdentsnámið hafi búið þá vel undir háskólanám. Tilgangurinn með skipulagsbreytingunni er að ná sama marki á styttri tíma.

Með hliðsjón að þessu er lagt til að leitað verði svara við nokkrum lykilspurningum.

9.1 Matsspurningar

- *Hver verður meðalaldur og aldursdreifing þeirra sem ljúka stúdentsprófi eftir breytinguna, í samanburði við það sem nú er?*
- *Lýkur sambærilegt hlutfall árgangs stúdentsprófi fyrir og eftir skipulagsbreytinguna?*
- *Hefur breytingin áhrif á brottfall úr stúdentsnámi?*
- *Hefur breytingin áhrif á námsval á framhaldsskólastigi?*
- *Eru námskröfur sambærilegar fyrir og eftir breytingarnar?*
- *Verða breytingar á meðalaldri og aldursdreifingu nýstúdenta í háskólanámi?*
- *Verða breytingar á námsgengi og námsvali nýstúdenta í háskólanámi?*
- *Verður breyting á meðalnámstíma þeirra sem ljúka fyrstu háskólagráðu við skipulagsbreytinguna?*
- *Lýkur sambærilegt hlutfall árgangs fyrstu háskólagráðu?*
- *Hvernig telja nýstúdentar undirbúning sinn vera fyrir nám á háskólastigi?*

9.2 Svava leitað við matsspurningum

- Öflun og úrvinnsla tölulegra upplýsinga um nemendur í stúdentsnámi og námi á háskólastigi.
- Samanburður á námskröfum fyrir og eftir breytinguna svo sem með athugun á samræmdum prófum grunn- og framhaldsskóla.
- Samanburður á námskröfum í kennsluáætlunum og námsmati valinna námsgreina á grunn- og framhaldsskólastigi.
- Samanburður á árangri nemenda á inntökuprófum á háskólastigi sem eru sambærileg á milli ára.
- Könnun meðal nýstúdenta í námi á háskólastigi á því hvernig þeir telja undirbúning sinn vera fyrir háskólanámið.

9.3 Tímasetningar

- Kannanirnar verður að gera bæði fyrir og eftir skipulagsbreytinguna.
- Tölulegum upplýsingunum safnað fyrir og eftir skipulagsbreytinguna.
- Áætlað er að gagnasöfnun hefjist tveimur árum áður en ný aðalnámskrá tekur gildi og að fyrstu niðurstöður verði birtar fimm árum eftir gildistöku námskrárinnar.

Þegar niðurstöður matsins verða settar fram þarf að taka tillit til utanaðkomandi aðstæðna sem kunna að hafa áhrif á niðurstöðurnar. Dæmi um slíkar aðstæður eru breytingar á atvinnuástandi og inntöku nemenda í nám á háskólastigi.

Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd matsins og kynningu á niðurstöðum þess og umbótaáætlunum.

10 Framkvæmdaáætlun vegna breytinga á aðalnámskrám

Í erindisbréfi verkefnisstjórnar um styttingu námstíma til stúdentsprófs kemur meðal annars fram að henni var ætlað að gera framkvæmdaáætlun vegna breytinganna yrðu tillögur í skýrslunni samþykktar.

Til þess að breyting á starfstíma framhaldsskóla nái fram að ganga þarf að breyta 3. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 6/2001 um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga.

Helstu atriði framkvæmdaáætlunar yrðu eftirfarandi:

Breytingar á aðalnámskrám

- *Skýrsla verkefnisstjórnar og starfshópa um styttri námstíma til stúdentsprófs verði kynnt á öllum skólastigum og í fjölmiðlum í september og október 2004. Kynningarefni ásamt samantekt megintillagna verði borið á öll heimili, dreift á öllum skólastigum og til hagsmunasamtaka.*
- *Í september 2004 skipi menntamálaráðherra þriggja manna verkefnisstjórn til að sjá um framkvæmd og ráði verkefnisstjóra sem stýri verkinu í umboði verkefnisstjórnar. Útveguð verði vinnuaðstaða fyrir vinnuhópa sem vinni að breytingum á aðalnámskrám.*
- *Undirbúningur endurskoðunar aðalnámskráa fari fram frá september til desember 2004.*
 - *Verklýsingar verði gerðar fyrir vinnuhópa.*
 - *Skipaðir verði vinnuhópar í bóklegum námsgreinum. Gert er ráð fyrir að í hverjum vinnuhópi verði þrír einstaklingar.*
 - *Starfsgreinaráðum verði falið að sjá um nauðsynlegar breytingar á námsskrám starfsnáms. Skrifuð verði verklýsing fyrir verkefnið sem ráðin hafi til viðmiðunar.*
 - *Skipaður verði þriggja manna vinnuhópur til að yfirfara aðalnámskrá listnámsbrauta.*
 - *Farið verði yfir reglur um viðbótarnám til stúdentsprófs og tillögur gerðar um breytingar.*
 - *Skipaður verði fimm manna vinnuhópur sem vinnur að breytingum á aðalnámskrám leikskóla og grunnskóla með sérstakri áherslu á skil skólastiganna.*
 - *Ritari verði ráðinn til starfa sem vinni með vinnuhópunum ásamt verkefnisstjóra.*
- *Í nóvember 2004 verði óskað eftir tilnefningum í ráðgjafahóp vegna námsskrárbreytinganna frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Félagi leikskólakennara, Félagi grunnskólakennara, Félagi framhaldsskólakennara, Skólastjórafélagi Íslands, Félagi stjórnenda í framhaldsskólum, Félagi framhaldsskóla, samstarfsnefnd háskólastigsins, Félagi íslenskra framhaldsskólanema og Heimili og skóla. Verkefnisstjórn veiti hópnum reglulega upplýsingar um framgang verksins og gefi honum tækifæri til að setja fram athugasemdir.*

- *Starfsgreinaráð og vinnuhópar vinni að endurskoðun einstakra námskráa frá janúar til júlí 2005. Hver hópur fyrir sig velji fulltrúa í undirhópa til að fjalla um afmarkaða þætti innan viðkomandi námsviðs að fengnu samþykki verkefnisstjórnar. Gera má ráð fyrir að fjöldi undirhópa verði mismunandi eftir námsviðum. Námsgagnastofnun verði reglulega veittar upplýsingar á meðan námskrár eru á vinnslustigi til að auðvelda undirbúning námsgagnagerðar á grunnskólastigi.*
- *Leitað verði tilboða í útgáfu aðalnámskráa í júní 2005. Útgáfu þeirra verði lokið í febrúar 2006. Að lokinni útgáfu aðalnámskráa fari fram kynning á þeim meðal annars með kynningarbæklingi sem borinn verði til allra heimila.*
- *Skipaður verði starfshópur með aðild framhaldsskóla sem starfar frá 1. janúar 2008 – 31. maí 2009 og fjalli um innleiðingu nýrra aðalnámskráa og vinni að lausnum á þeim málum sem upp kunna að koma þegar unnið er eftir tveimur námskrám samtímis*

Námsgögn

- *Í júlí 2005 og fram til júlí 2008 verði unnið að breytingum á námsefni. Fyrst verði unnið að breytingum á námsefni fyrir grunnskóla sem taka þarf í notkun í ágúst 2006.*
- *Á vorönn 2006 verði auglýstir styrkir til námsefnisgerðar samkvæmt nýrri aðalnámskrá fyrir framhaldsskólastig.*

Endurmenntun

- *Undirbúningur námskeiða fyrir kennara hefst í mars 2006 og fyrstu námskeiðin verði haldin í júní 2006. Fyrst verði haldin námskeið fyrir grunnskólakennara sem kenna ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði í 8.–10. bekk. Gert verði ráð fyrir námskeiðum víðs vegar um land. Við taki námskeið í kennsluaðferðum fyrir grunn- og framhaldsskólakennara og námskeið vegna námsmats. Undirbúningur og framkvæmd námskeiðanna verði í höndum þeirra aðila sem nú standa fyrir og bera ábyrgð á endurmenntun kennara.*

Kennsla samkvæmt nýjum aðalnámskrám

- *Undirbúningur kennslu eftir nýjum aðalnámskrám hefst í skólum strax og þeim hefur verið fylgt úr hlaði með kynningum.*
- *Í ágúst 2006 taki alaðnámskrár leikskóla og grunnskóla gildi. Aðlögun vegna gildistöku aðalnámskrár grunnskóla verði 3 ár. Miðað verði við að unnið verði samkvæmt breyttum aðalnámskrám haustið 2006 í leikskóla og í 1., 5., 8. og 9. bekk grunnskóla, 2007 í 2., 6. og 10. bekk, 2008 í 3. og 7. bekk og 2009 í 4. bekk. Þá hafi leikskólabörn og allir nemendur grunnskóla hafið nám eftir breyttum aðalnámskrám.*
- *Í ágúst 2008 taki aðalnámskrár framhaldsskóla gildi. Aðlögunartími fer eftir lengd námsbrauta en miðað við að fyrstu stúdentar útskrifist samkvæmt breytttri námsskipan vorið 2011.*

Námsmat

- Skipaður verð starfshópur sem starfar skólaárið 2006-2007 og setur fram hugmyndir að fjölbreyttu námsmati. Hópurinn leiti leiða til að nýta námsmatsaðferðir til að stuðla að bættum námsárangri.

Mat á árangri

- Menntamálaráðneytið feli tilteknum aðila að meta hvort þau markmið sem sett eru með styttingu náms til stúdentsprófs hafi náðst. Gagnasöfnun vegna matsins hefjist í febrúar 2006 í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum og haldi áfram eftir því sem þörf krefur til ársins 2013. Fyrstu niðurstöður matsins verði birtar árið 2013.

Tafla 5. Framkvæmdaáætlun september 2004 - desember 2008

[illegible]

11 Starfsmannamál

Í erindisbréfi starfshóps um starfsmannamál vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs kemur fram að starfshópurinn skuli:

Meta áhrif af styttingu námstíma til stúdentsprófs á fjölda stöðugilda kennara.

Greina hver áhrif breytts námsframboðs yrðu á starfsumhverfi kennara.

Setja fram hugmyndir um lausn vandamála varðandi starfsmannamál tengd styttingu námstímans að teknu tilliti til hagsmunaaðila og athugasemda sem berast, m.a. gegnum Menntagátt, eftir því sem við á.

Markmiðið með breyttum aðalnámskrám er að meðalnámstími til stúdentsprófs styttest og að námið veiti jafn góðan eða betri undirbúning fyrir nám á háskólastigi og nú. Til þess að ná því markmiði þurfa stjórnvöld, kennarar og nemendur að mæta nýjum kröfum og breyttum aðstæðum.

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins kveða á um hvernig bregðast eigi við þegar störf hjá ríkisstofnunum eru lögð niður. Hér er mælt með því að áhrif breytinganna á starfsmenn framhaldsskóla verði milduð eins og kostur er. Nauðsynlegt er að tryggja að bæði starfsmenn og stjórnvöld leggi sig fram við að skapa einhug um markmið breytinganna. Jákvaðar lausnir fyrir bæði kennara og skólastarf eru forsendur velheppnaðra breytinga.

Undanfarin ár hefur stytting námstíma til stúdentsprófs verið meðal stefnumiða yfirvalda menntamála og í nágildandi kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands fyrir framhaldsskóla er bókun um viðbrögð samningsaðila verði námstíminn stytur á samningstímanum. Kjarasamningar kennara eru sniðnir að lögum, reglugerðum, aðalnámskrá og öðru því er skilgreinir starfsumhverfi framhaldsskóla og eru viðfangsefni stéttarféлага og samninganefndar ríkisins f.h. fjármálaráðherra. Breytingar sem fylgja tillögum um nýja námsskipan sem kynntar eru framar í þessari skýrslu, kalla sumar hverjar á breytingar á kjarasamningum.

Í þessum kafla eru fyrst settar fram ýmsar upplýsingar um kennara í framhaldsskólum skólaárið 2003-2004. Þá er áhrifum breytinganna á kennarahópinum og starfsumhverfi hans lýst eins og kostur er og loks settar fram hugmyndir um leiðir til lausnar vandamála sem skapast í starfsmannahaldi skólanna.

11.1 Kennarar og kennslumagn í framhaldsskólum 2003–2004

Framhaldsskólar sem bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs eða viðbótarnám til stúdentsprófs eru 30 talsins. Nemendur í þessum skólum voru alls 22.553 árið 2003 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Kennarar voru alls 1328 í 1253 ársstörfum í dagvinnu.

Heildarvinnumagn í skólum ræðst af stærð fæðingaráranga og aðsókn þeirra í skólana. Kennslumagn í einstökum skólum ræðst af stærð skóla, eftirspurn eftir skólavist, vali nemenda á námsbrautum og áföngum, hópastærðum og fjárveitingum.

Í þessari skýrslu er hugtakið stöðugildi notað í merkingunni 24 kenndar stundir á viku. Fjöldi stöðugilda ákvarðast af kennslumagni í skólunum.

Fjöldi kennara ræðst ekki eingöngu af fjölda stöðugilda. Kennsluskylda og yfirvinna hafa einnig áhrif þar á.

Kennsluskylda kennara er breytileg eftir kennslureynslu, aldri og vali milli grunnlaunaröðunar og kennsluafsláttar og er frá því að vera 24 fjörutíu mínútna kennslustundir á viku niður í 17 kennslustundir á viku. Heil staða kennara eða 100% stöðuhlutfall er frá því að samsvara einu stöðugildi eins og hugtakið er notað hér og niður í það að svara til 17/24 eða tæplega 71% af einu stöðugildi. Meðalkennsluskylda árið 2003 var rúmlega 23 kennslustundir.

Yfirvinna er breytileg bæði eftir námsgreinum og skólagerð. Hún er meiri meðal stærðfræði- og raungreinakennara en annarra bóknámskennara og hún er meiri í skólum sem bjóða upp á verknám en í skólum þar sem eingöngu er boðið upp á bóknám.

Helsti vandi í starfsmannahaldi skólanna eru nú:

- *Aldurssamsetning starfsmanna er ójöfn að því leyti að meirihluti kennara er á seinni hluta starfsævinnar.*
- *Um 30% kennara hafa ekki gild starfsréttindi. Hlutfall kennslu sem þeir sinna er þó mun lægra.*
- *Nokkrir skólanna eru of litlir til að bjóða upp á fullt starf kennara í þeirra fagi.*
- *Sveiflur verða á milli ára í kennslumagni einstakra námsgreina.*


Með styttingu námstíma til stúdentsprófs skapast nýr vandi í starfsmannahaldi skóla og ýmist dregur úr núverandi vanda eða hann eykst eftir aðstæðum í hverjum skóla fyrir sig.

11.2 Aldurssamsetning kennara

Ef ekkert verður að gert mun aldurssamsetning kennara í framhaldsskólum skapa vandamál þegar margir eldri kennarar hætta störfum á svipuðum tíma.

Skólaárið 2011-2012, þegar áætlað er að fram komi mestu áhrif breytinganna vegna nýrrar námsskipunar, eru 153 kennarar í framhaldsskólum við það að hefja töku lífeyris eða hafa þegar hafið töku lífeyris.

Mynd 1. Aldursbil m.v. aldur kennara í lok október 2003



Mynd 1 sýnir aldursdreifinu kennara í framhaldsskólum í október 2003, alls 1328 kennara. Um 11,5% þeirra eru 60 ára eða eldri.

Af þeim 153 kennurum sem nú, árið 2004, eru 60 ára eða eldri kenna 80 þeirra þær námsgreinar sem tillögur um breytingu á námsskipan ná helst til.

Skýringar á þessari aldursdreifingu kennara í framhaldsskólum eru þær að á áttunda áratugnum fjölgaði framhaldsskólum verulega. Aldurssamsetning kennara var þá önnur og vegna lítillar starfsmannaveltu lítur út fyrir að innan fárra ára skapist vandamál í starfsmannahaldi skólanna vegna þess að stórir hópar kennara hætti störfum á sama tíma.

Með styttingu námstíma til stúdentsprófs þarf að finna leiðir til að sporna gegn því að aldurssamsetning verði enn ójafnari við breytinguna en meta um leið að verðleikum starfsreynslu kennara. Menntun þeirra, reynsla og yfirsýn er mikilvæg skólastarfi.

11.3 Uppsagnarréttur og réttur til biðlauna

Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hefur forstöðumaður stofnunar rétt til að segja starfsmanni upp störfum eftir því sem mælt er fyrir í ráðningarsamningi ef starfið er lagt niður. Starfsmenn sem skipaðir hafa verið eða ráðnir fyrir 1. júlí 1996 eiga rétt á bótum. Rétt til bóta er nemur launum í sex mánuði hafa þeir sem hafa verið í þjónustu ríkisins þegar starf þeirra er lagt niður skemur en 15 ár en ella í tólf mánuði. Ef starfsmaður ræður sig til annarra starfa áður en sex eða tólf mánuðir eru liðnir falla bætur niður ef laun í nýja starfinu eru jöfn eða hærri. Ef launin í nýja starfinu eru lægri en bótagreiðslurnar skal greiða honum mismuninn til loka sex eða tólf mánaða tímabilsins.

11.4 Stöðugildi kennara í framhaldsskóla

Samkvæmt tillögum um nýja námsskipan er gert ráð fyrir að 12 námseiningar flytjist á grunnskólastig, þ.e. 3 einingar í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði. Þó er ekki gert ráð fyrir að einingafjöldi stærðfræði í kjarna breytist á félagsfræðabraut eða í ensku á náttúrufræðibraut. Gert er ráð fyrir að einingum í náttúruvísindum fækki um 3 og einnig fækki einingum í þriðja máli um 3 á félagsfræða- og málabrautum en um 6 á náttúrufræðibraut. Einingum í íþróttum fækki um 2, einingum á kjörsviði um 6 og um 3 í frjálsum vali.

11.4.1 Mat á áhrifum tillögunnar á kennslu miðað við skólaárið 2003-2004

Við mat á áhrifum tillögu um styttingu námstíma til stúdentsprófs á fjölda stöðugilda og vinnumagn kennara var hver skóli skoðaður fyrir sig. Til viðmiðunar voru notaðar upplýsingar frá framhaldsskólum skólaárið 2003-2004, þar á meðal áfangaskrár. Athugað var hvort kennarar skólanna séu með kennsluréttindi, faggreinar þeirra og kennslugreinar, hvaða áfanga þeir kenna, kennslustundafjöldi á viku og kennsluskylda. Einnig var safnað upplýsingum frá fjársýslu ríkisins um aldursdreifingu kennara og biðlaunarétt þeirra.

Beitt var þeirri aðferð að út úr áfangaskráum skólanna var talinn fjöldi hópa í þeim áföngum sem líklegt er talið að falli brott við styttinguna og niðurstaða fyrir hvern skóla skoðuð.

Ekki er mögulegt að finna út hvort eða hvaða áfangar falla niður vegna færri eininga á kjörsviði og í frjálsum vali. Val nemenda er ólíkt og dreifist á áfanga og námsgreinar. Fækkun um nokkra nemendur í námshópum þarf ekki endilega að þýða að áfangi verði ekki kenndur en það gæti gert það.

Athugaður var sérstaklega biðlaunaréttur, kennsluréttindi og aldur kennara í hverjum skóla og yfirvinna þeirra skoðuð miðað við kennsluskyldu einstakra kennara skólaárið 2003-2004.

Með þessum hætti má nálgast hugsanleg áhrif breytinganna á fjölda hópa í námsgrein hvers skóla fyrir sig, á stöðuhlutfall einstakra kennara og yfirvinnu þeirra sem störfuðu í framhaldsskólum skólaárið 2003-2004.

11.4.2 Fækkun stöðugilda miðað við skólaárið 2003-2004

Þó að ljóst sé að aðstæður í framhaldsskólum, svo sem samsetning vinnuafis, námsframboð, val nemenda og skólasókn þeirra árið 2011 verði ekki eins og nú gæti greining á áhrifum breytinganna á núverandi aðstæður gefið hugmynd um í hvað stefnir.

Ef tekna eru saman niðurstöður allra skóla, þegar búið er að taka frá fjölda hópa sem líklega mun falla niður, fækkar um 2460 kennslustundir á viku samtals í íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, erlendum tungumálum og íþróttum eða sem samsvarar 103 stöðugildum. Miðað er við að stöðugildi sé 24 kennslustundir á viku.

Eins og áður sagði er ógerlegt að finna út hvaða áfangar falla líklega niður vegna færri eininga á kjörsviði og í frjálsum vali námsbrauta í hverjum skóla fyrir sig. Skólar geta haft áhrif á námsval nemenda á kjörsviði og í frjálsum vali með námsframboði sínu og þannig haft meiri stjórn á áhrifum breytinganna en þegar um kjarnagreinar er að ræða. Ef miðað er við að hlutfallslega falli jafnmargir áfangar niður og í námsgreinunum hér að ofan eru það um 45 stöðugildi.

Stöðugildin skiptast eftir námsgreinum eins og sýnt er með Töflu 6.

Tafla 6. Fækkun stöðugilda miðað við skólaárið 2003-2004

Námsgreinar	Stöðugildi
Stærðfræði	16,1
Enska	15,1
Danska	14,1
Íslenska	16,8
Náttúrufræði	16,8
Íþróttir	9,8
Þriðja mál	14
Samtals :	103
Kjörsvið og frjálst val	45
Alls:	148

Þó hér að ofan séu nefnd 148 stöðugildi miðað við kennslu skólaárið 2003-2004, er ekki svo að skilja að gert sé ráð fyrir að um 150 kennarar sem nú kenna í framhaldsskólum missi vinnu sína.

Áhrif á starfsmannahald verður mest í stórum bekkjarskólum þar sem yfirvinna er lítil. Stöðuhlutfall lækkar í minnstu skólunum þar sem nú þegar er erfiðleikum bundið að fylla heilar stöður.

Samdráttur í kennslu skerðir yfirvinnu áður en stöðuhlutfall skerðist. Ef litið væri á alla skólana sem eina stofnun gæti fækkun stöðugilda um 150 orðið til þess að nánast allir kennarar haldi 100% starfshlutfalli ef öll fækkunin kemur fram sem minnkun á yfirvinnu. Raunveruleikinn er flóknari þar sem yfirvinna er mismikil á milli skóla og einnig á milli námsgreina.

Tafla 7. Yfirvinna umrituð í stöðugildi eftir námsgreinum skólaárið 2003-2004

Námsgreinar	Stöðugildi unnin í yfirv.	Stöðugildi umfram yfirv.
Stærðfræði	14	2,1
Enska	9,6	5,5
Danska	6,4	7,7
Íslenska	14,3	2,5
Náttúrufræði	13,9	2,9
Íþróttir	5,9	3,9
Þriðja mál	8,4	5,6
Alls:	72,5	30,2

Með Töflu 6 er sýnd líkleg fækkun stöðugilda við styttingu námstímans eftir námsgreinum, samtals 103 stöðugildi ef miðað er við kennslu í greinunum skólaárið 2003-2004. Með Töflu 7 er sýndur fjöldi þeirra stöðugilda sem voru unnin í yfirvinnu og miðað við að fækkun stöðugilda komi fram sem minnkun yfirvinnu í hverjum skóla fyrir sig. Með seinni dálki Töflu 7 er sýndur fjöldi stöðugilda sem standa eftir, þ.e. eru umfram yfirvinnu af þeim 103 stöðugildum sem tilgreind eru í Töflu 6. Þau stöðugildi eru samtals í öllum skólunum um 30 talsins.

Skólum er nauðsynlegur sá sveigjanleiki sem felst í því að hafa hluta kennslunnar í yfirvinnu svo sem vegna sveiflna í skólasókn og námsvali. Skólar þurfa einnig að eiga þess kost að bjóða kennurum upp á yfirvinnu og

Því getur fækkun yfirvinnustunda aðeins leyst vandann í þeim skólum þar sem yfirvinna er mikil. Minni yfirvinna hefur augljóslega áhrif á kjör kennara.

Í greiningu hér að ofan er ekki tekið tillit til þess hvort um er að ræða kennara með kennsluréttindi eða ekki. Stöðugildi leiðbeinenda eru sýnd með Töflu 8.

Tafla 8. Kennslumagn leiðbeinenda í stöðugildum eftir námsgreinum skólaárið 2003-2004

Námsgreinar	Stöðugildi
Stærðfræði	31
Enska	4,2
Danska	3,6
Íslenska	4,5
Náttúrufræði	17,9
Íþróttir	0,3
Þriðja mál	3,1
Alls	64,6

Þessi 64,6 stöðugildi voru mönnuð 85 leiðbeinendum haustið 2003. Af töflunni má sjá að mikil munur er á fjölda leiðbeinenda eftir námsgreinum. Flestir þeirra kenna stærðfræði og náttúrufræði.


Ef aðsókn nemenda í dagskóla og námsval þeirra helst óbreytt frá því sem nú er munu um 2000 fleiri nemendur verða í framhaldsskólunum skólaárið 2010-2011 en skólaárið 2003-2004 vegna stærri fæðingaráranga. Reikna má einnig með fjölgun nemenda í kvöldskóla og fjarnámi. Stöðugildin sem falla niður við breytingarnar verða því mun fleiri en ef miðað er við nemendafjölda skólaárið 2003-2004 eins og gert er hér að ofan.

11.4.3 Fjölgun nemenda í framhaldsskólum 2004-2011

Samanlagður fjöldi nemenda í dagskóla í framhaldsskólum árið 2003 var 17.976 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, 2.658 í kvöldskóla, 1.896 í fjarnámi og 50 utanskóla eða samtals 22.553 nemendur.

Fæðingaárgangar þeirra nemenda sem koma inn í skólana á næstu árum eru fjölmennari en hafa komið inn í skólana síðustu ár.

Mynd 2. Fæðingarágangur 16 ára 2002-2014



Stærsti árgangurinn kemur inn í framhaldsskólana árið 2006 eða 4.793 einstaklingar samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands. Frá árinu 2007 fer aftur að fækka í árgöngum sem koma inn í skólana og haldast þeir frá árinu 2012 um 4.400 talsins að minnsta kosti til ársins 2020.

Ef fjöldi ársstarfa í dagvinnu er áætlaður miðað við aðsókn nemenda í framhaldsskóla og fjölda ársstarfa í dagvinnu haustið 2003 og stærð fæðingaráganga, mun ársstörfum í dagvinnu í framhaldsskólum fjölga, að gefnum þessum forsendum, um 145 fram til ársins 2010 og fækka um 257 við breytinguna haustið 2011.

Tafla 9. Áætlaður fjöldi ársstarfa í dagvinnu 2003 – 2011 miðað við stærð fæðingaráganga

Ár	Ársstörf í dagvinnu	Breyting m.v. 2003	Breyting á milli ára
2003	1253		
2004	1265	12	12
2005	1276	23	11
2006	1312	58	36
2007	1344	91	32
2008	1379	126	35
2009	1404	151	25
2010	1398	145	-6
2011	1141	-112	-257

Miðað við að nemendur í stúdentsnámi ljúki að jafnaði 18,5 einingum á önn í stað 17,5 í núverandi námsskipan og sennilega einnig vegna kennslu samkvæmt tveimur námskrám á breytingatímabilinu er líklegt að þörf fyrir kennslu á framhaldsskólastigi fram til ársins 2010 aukist meira en nemur þeim 145 ársstörfum í dagvinnu sem nefnd eru hér að ofan. Vegna áhrifa aldurssamsetningar kennarahópsins á kennsluskyldu mun kennurum auk þess fjölga.

Í kjölfar síðustu útskriftar af fjögurra ára stúdentsbrautum og fyrstu útskriftar af þriggja ára stúdentsbrautum vorið 2011 skapast mesti vandi í starfsmannahaldi skólanna. Haga þarf því ráðningum af gætni á tímabilinu 2005-2010 þegar eftirspurn eftir kennslu er í hámarki. Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gera skólum að vísu kleift að segja upp þeim starfsmönnum sem ekki verða störf fyrir en breytingarnar verða ekki alltaf í heilum störfum. Þetta gæti meðal annars þýtt tímabundna aukningu á yfirvinnu í skólunum og/eða tímabundna fjölgun hlutastarfa.

11.4.4 Samantekt líklegra breytinga á kennslumagni fram til 2011

Ekki er hægt að segja nákvæmlega til um stöðuna í framhaldsskólum árið 2011 þegar áætlað er að fyrstu nemendur útskrifist samkvæmt nýrri námsskipan. Eftirtaldir þættir eru þó líklegir til þess að stuðla að auknu kennslumagni og fjölgun stöðugilda í framhaldsskólum fram til 2011:

- *Vegna stærri fæðingararganga sem væntanlegir eru inn í framhaldsskólana á næstu árum og e.t.v. einnig vegna hækkandi hlutfalls hvers árgangs sem sækir nám, má ætla að nemendur framhaldsskóla verði a.m.k. 2000 fleiri skólaárið 2010-2011 en skólaárið 2003-2004. Ætla má að kennslumagn aukist með svipuðum hætti.*
- *Í tillögunum er gert ráð fyrir því að nemendur í stúdentsnámi ljúki að jafnaði 18,5 einingum á önn í stað 17,5 í núverandi námsskipan. Þetta er aukning um 5,7% sem kemur til framkvæmda á árunum frá 2008 til 2011. Reikna verður með því að kennslumagn í framhaldsskólum aukist með svipuðum hætti.*
- *Kennsluskylda framhaldsskólakennara lækkar um eina stund á viku þegar þeir ná 55 ára aldri og um fjórar stundir til viðbótar þegar þeir verða 60 ára. Kennsluskylda þeirra sem eru 60 ára er því 5 stundum lægri en þeirra sem ekki hafa náð 55 ára aldri. Töluverð fjölgun mun verða í þessum aldurshópum fram til 2011 og gera þarf ráð fyrir fjölgun kennara af þeim sökum.*
- *Á tímabilinu frá 2008 til 2011 þurfa skólar að kenna eftir tveimur aðalnámskrám. Af þessu getur skapast óhagræði. Ekki verður hægt að sameina nemendur í hópa í sama mæli og verið hefur. Tilhneigingin verður sú að hóparnir verða fámennari og fleiri sem þýðir aukningu á kennslumagni.*

Fleiri þættir en ofangreindir geta haft áhrif á fjölda stöðugilda og kennslumagn í skólunum. Má þar nefna að breytingar geta orðið á vali nemenda á námsbrautum og námsgreinum og einnig geta breytingar orðið vegna nýrra kjarasamninga. Þó að ekki sé tekið tillit til þessa þá er líklegt að fjölgun stöðugilda við framhaldsskóla verði töluverð fram til ársins 2011 og í ljósi þess sem að framan segir má reikna með a. m. k. 11% fleiri ársstörfum skólaárið 2010-2011 heldur en skólaárið 2003-2004.

Af framansögðu er ljóst að miklar breytingar verða á samsetningu kennarahópsins fram til 2011. Því er útilokað að segja fyrir um það hver hlutur yfirvinnu verður þá af kennslunni eða hlutfall leiðbeinenda.

11.5 Breytt starfsumhverfi

Verði námstími til stúdentsprófs stytur eins og lagt er til í þessari skýrslu þá mun það hafa margvísleg áhrif á starfsumhverfi kennara.

Helstu áhrif í leikskólum:

- *Breytingar á aðalnámskrá leikskóla kalla á breytt vinnubrögð á síðasta ári leikskóla og aukið samstarf á milli leikskóla og grunnskóla.*

Helstu áhrif í grunnskólum:

- *Kennarar þurfa að vinna eftir nýrri aðalnámskrá þar sem gert er ráð fyrir mestum breytingum í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði vegna tilfærslu viðfangsefna á milli námsára og skólastiga.*
- *Gert er ráð fyrir að allir kennarar 8.–10. bekkjar sem kenna dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði fari á greinabundin endurmenntunarnámskeið til að undirbúa kennslu eftir nýrri aðalnámskrá.*
- *Í tillögu um breytta námsskipan er gert ráð fyrir breyttum vinnubrögðum kennara eða kennarahópa þannig að aukin áhersla verði lögð á:*
 - *Fjölbreytni í námsmati og innleiðingu nýrrar tækni við matið.*
 - *Verkefnavinnu, ritun og tjáningu. Þetta á við um allar bóknámsgreinar þó að áherslan sé mest á þessa þætti í íslensku.*
 - *Þróunarstarf vegna nýrra kennslu- og matsaðferða.*
 - *Samstarf kennara um þverfaglega kennslu og viðfangsefni.*
 - *Samstarf leik-, grunn- og framhaldsskóla verði aukið.*
 - *Greinabundna endurmenntun og endurmenntun á sviði námsmats og kennsluaðferða.*

Helstu áhrif í framhaldsskólum:

- *Kennslumagn í framhaldsskólum mun aukast fram til skólaársins 2011–2012. Því fylgir að kennurum skólanna mun fjölga en einnig mun eftirspurn eftir yfirvinnu kennara aukast. Fækkun stöðugilda verður frá og með skólaárinu 2011–2012. Aðstæður í skólum eru mismunandi. Yfirvinna er mismikil milli skóla og einnig á milli námsgreina. Ekki er hægt að segja fyrir um hve margir munu missa vinnu sína. Í einhverjum tilvikum verður starfshlutfall kennara skert og í öðrum verða færri yfirvinnutímar til skiptanna. Áhrifin verða mest hjá stærðfræði-, íslensku-, tungumála- og raungreinakennurum en einnig verður fækkun stöðugilda íþróttakennara. Minni samdráttur verður á kennslumagni í öðrum námsgreinum.*
- *Þeir skólar sem eingöngu bjóða upp á nám til stúdentsprófs standa frammi fyrir meiri vanda en aðrir sem og minnstu skólarnir þar sem nú þegar er erfiðleikum bundið að fylla heilar stöður. Ljóst er að óvissa og öryggisleysi sem þessu fylgir hefur neikvæð áhrif á starfsanda í skólunum.*

- *Ráðgert er að lengja skólaárið frá og með skólaárinu 2008–2009 um 5 daga, úr 175 í 180. Lengingunni er ætlað að ná yfir allt framhaldsskólastigið; starfsnám og annað nám samkvæmt núgildandi aðalnámskrá er þar ekki undanskilið. Þessi breyting mun því hafa áhrif á starfsumhverfi allra sem starfa við framhaldsskóla.*
- *Í tillögu um breytta námsskipan er gert ráð fyrir að eingöngu verði skilgreindir starfsdagar skóla en skólum í sjálfsvald sett hve mörgum dögum þeir verja til prófa eða hvernig þeir haga námsmati en nýjar aðalnámskrár miðist við 155 kennsludaga í stað 145 nú. Kennarar þurfa því að laga vinnu sína að nýjum aðalnámskrám þar sem hver námsáfangi inniheldur fleiri viðfangsefni en áður. Mögulegur sveigjanleiki verður þó meiri en áður þar sem aðeins er tilgreindur starfstími skóla en ekki lágmarksfjöldi kennsludaga.*
- *Meirihluti framhaldsskóla eru blandaðir skólar, þ.e. bjóða bæði upp á bóknám til stúdentsprófs og starfsnám auk almennrar námsbrautar. Grunnáfangar bóknáms eru sameiginlegir og nám nemenda hvort heldur er á bóknáms- eða starfsmenntabrautum auk þess samtvinnuð vegna stundaskrár, skólanámskrár, kennslu- og próftíma og annars sem afmarkar skólastarfið. Lenging starfstíma á ári hverju hefur þannig fyrirsjáanlega áhrif á nám allra nemenda og kennslu allra kennara. Námskrár annarra námsbrauta en stúdentsbrauta verða einnig endurskoðaðar að teknu tilliti til áhrifa tillagna um styttingu námstíma til stúdentsprófs á þær. Ekki er því ljóst hvort námstími einhverra þeirra námsbrauta breytist umfram lengingu starfstíma framhaldsskóla.*
- *Í tillögu um breytta námsskipan er gert ráð fyrir breyttum vinnubrögðum kennara eða kennarahópa þannig að aukin áhersla verði lögð á:*
 - *Fjölbreytni í námsmati og innleiðingu nýrrar tækni við matið.*
 - *Verkefnavinnu, ritun og tjáningu. Þetta á við um allar bóknámsgreinar þó að áherslan sé mest á þessa þætti í íslensku.*
 - *Þróunarstarf vegna nýrra kennslu- og matsaðferða.*
 - *Samstarf kennara um þverfaglega kennslu og viðfangsefni.*
 - *Samstarf grunn- og framhaldsskóla verði aukið.*
 - *Endurmenntun á sviði námsmats og kennsluaðferða.*
- *Gert er ráð fyrir að námskröfur í framhaldsskólum verði kannaðar fyrir og eftir breytingarnar, m. a. með viðhorfskönnunum meðal nýnema á háskólastigi, samanburði á kennsluáætlunum í framhaldsskólum og námsmati valinna námsgreina og með athugunum á samræmdum stúdentsprófum og niðurstöðum þeirra. Þó að þessi atriði hafi ekki bein áhrif á starfskyldur kennara að undanskildum þeim sem vinna matsstörfin hefur matið áhrif á starfsumhverfi kennara. Gert er ráð fyrir að áfram verði lögð áhersla á innra og ytra mat.*

11.6 Hugmyndir um lausnir í starfsmannahaldi

Eins og komið hefur fram hér að framan er líklegt að breyting verði á fjölda starfsmanna í framhaldsskólum þannig að þeim fjölgi umtalsvert á næstu árum en fækki aftur við styttingu námstíma til stúdentsprófs ef farið verður að þeim tillögum sem kynntar eru framar í þessari skýrslu.

Hér er mælt með því að áhrif breytinganna á starfsmenn framhaldsskóla verði milduð eins og kostur er. Nauðsynlegt er að tryggja að bæði starfsmenn og stjórnvöld leggi sig fram við að skapa einhug um markmið breytinganna sem er að meðalnámstími til stúdentsprófs styttest og námið veiti jafn góðan eða betri undirbúning fyrir nám á háskólastigi og nú. Forsenda velheppnaðra breytinga er að leitað verði jákvæðra lausna bæði fyrir kennara og skólastarf.

Vegna mismunandi aðstæðna í framhaldsskólum, t.d. vegna aldurs-samsetningar kennara eða að ofmannað er í einni námsgrein en skortur á kennurum í annarri, hentar engin ein leið til lausnar vandann. Skólum er nauðsynlegur sá sveigjanleiki sem felst í því að hafa hluta kennslunnar í yfirvinnu svo sem vegna sveiflna í aðsókn og námsvali.

Forræði í starfsmannahaldi í framhaldsskólum er á hendi skólameistara. Mikilvægt er að farið verði yfir mannaflaáætlanir næstu ára fyrir hvern skóla fyrir sig með breytingarnar í huga. Skólastjórnendur þurfa að upplýsa starfsmenn skóla um mannaflaáætlanir svo fljótt sem auðið er svo unnt sé að undirbúa breytingar í tíma. Vinna þarf þannig að öllum starfsmönnum sé ljóst hver áhrifin muni líklega verða í hverjum skóla fyrir sig, bæði árin fram að styttingu námstíma til stúdentsprófs og árin þar á eftir. Stjórnvöld og skólastjórnendur þurfa að vinna gegn óvissu og hugsanlegu öryggisleysi meðal starfsmanna skólanna á breytingatímabilinu.

Undirbúningstími fyrir aðgerðir í framhaldsskólum er 7 ár. Mikilvægt er að þau verði nýtt sem best til þess að kennarar eigi möguleika á að undirbúa sig sem best fyrir breytt starfsskilyrði.

Nauðsynlegt er að vinna að lausnum í starfsmannahaldi í hverjum skóla fyrir sig.

Til að greiða fyrir þessu er áhersla lögð á eftirfarandi:

- *Óljós vitneskja um afleiðingar fyrirhugaðra breytinga fyrir starfsmenn getur haft slæm áhrif á starf og starfsánægju allra sem í skólunum starfa. Með upplýsingum og áætlanagerð um málefni starfsmanna má vinna gegn þessu.*
- *Framhaldsskólar leitist við að tryggja starfandi kennurum áframhaldandi starf dragist kennsla í aðalgrein þeirra saman eða falli niður.*
- *Á grundvelli mannaflaáætlana og greiningar á þróun kennslumagns í hverjum skóla fyrir sig verði kennurum kynnt þau starfssvið innan skólans sem möguleiki er fyrir kennara að mennta sig á og þjálfast í til að gegna nýjum eða breyttum störfum.*

- *Framhaldsskólar hafi aðgang að sérmenntuðum ráðgjafa í starfsmannamálum sem aðstoði skóla við mannaflaáætlanir og úrlausn þeirra vandamála sem skólarnir þurfa að glíma við vegna breytinganna. Einstakir starfsmenn eigi einnig kost á að leita til ráðgjafa á eigin forsendum.*
- *Kennurum sem ekki ná að uppfylla vinnuskyldu sína eftir styttingu námstímans verði veitt tímabundið svigrúm til að nýta þann tíma sem upp á vantar til að breyta starfssviði sínu eða skapa sér stöðu á vinnumarkaði. Námsleyfum verði m.a. þannig fjölgað tímabundið frá og með árinu 2011.*
- *Sett verði fram áætlun um að efla verkefnisstjórnun innan skólanna með það að markmiði að auka sveigjanleika skólastarfsins og auðvelda skólum að takast á við ný og breytileg verkefni.*
- *Finna þarf leiðir sem fara mætti til að sporna gegn því að við breytinguna verði aldurssamsetning kennara ójafnari en nú. Ein leiðin er að gefið verði fjárhagslegt svigrúm árið 2011 til að gefa kennurum þar sem það á við kost á að hefja töku lífeyris án þess að það leiði til skerðingar á eftirlaunum.*
- *Leitað verði eftir samstarfi við háskóla um:*
 - *Framboð á námsleiðum til meistaranáms eða diplómanáms sem kennarar eigi kost á til undirbúnings breyttu starfssviði.*
 - *Að auka tímabundið framboð á kennsluréttindanámi sem sniðið er að þörfum starfandi kennara, ekki síst bóknámskennara.*

11.7 Kjarasamningar

Kjarasamningar framhaldsskólakennara eru lausir í nóvember 2004. Samningsaðilar hafa ræðst við um launalega stöðu framhaldsskólakennara, en gildistími væntanlegs samnings hafði ekki verið ræddur í ágúst 2004. Gera má þó ráð fyrir að reynt verði af hálfu fjármálaráðherra að semja til fjögurra ára eins og þegar hefur verið gert við almenn félög starfsmanna hjá ríki og á almennum markaði, þ.e. fram á árið 2008 þegar stytting námstíma til stúdentsprófs er fyrirhuguð. Því verður að ætla að við kjarasamningagerðina verði rædd málefni sem leiða af styttingunni.

Eins og bent er á fyrr í skýrslunni inniheldur kjarasamningurinn þegar bókun um þetta efni, þ.e. ef þær aðstæður koma upp að námstími til stúdentsprófs verði stytur á gildistíma kjarasamningsins kalli það á sérstakt samkomulag. En vafasamt er að slík bókun dugi í komandi samningum ef þeir verða til 2008. Í ágúst 2004 höfðu aðilar kjarasamningsins hins vegar ekki rætt þessi mál sín á milli.

Fulltrúar Félags framhaldsskólakennara (KÍ) í starfshópnum telja nauðsynlegt að gera grein fyrir helstu sjónarmiðum félagsins um þau mál sem það telur mikilvægt að komi fram í þessu sambandi, m.a. til umfjöllunar í komandi kjarasamningum framhaldsskólans:

- *Kjör kennara skerðist ekki vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs.*
- *Almenn áhersla á að grunnlaun hækki, m.a. til þess að mæta samdrætti í yfirvinnu eftir fyrstu útskrift í nýju kerfi og til þess að gera það fýsilegra að fara fyrr á eftirlaun*
- *Kennsluskylda lækki eftir fyrstu útskrift í nýju kerfi, m.a. til að mæta samdrætti.*
- *Áætlun verði gerð um innleiðingu breytilegrar kennsluskyldu, m.a. til að mæta auknu álagi á bóknámskennara.*
- *Lægri kennsluskylda íslenskukennara vegna aukins vinnuálags sem fylgir breytingu á aðalnámskrá.*
- *Tímabundin hækkun yfirvinnustuðuls fram að fyrstu útskrift í nýju kerfi vegna aukinnar eftirspurnar eftir kennslu.*

Fulltrúar Félags framhaldsskólakennara (KÍ) í starfshópnum vilja ennfremur minna á atriði sem tengjast málinu, svo sem aukið svigrúm framhaldsskóla til þess að efla innra starf, kennslutengd störf og faglega stjórnun, framboð endurmenntunar, aðstöðu kennara til að sækja hana og viðurkenningu á gildi hennar, m.a. í formi launa.

12 Fjármál

Í erindisbréfi starfshóps um fjármál vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs kemur fram að hópurinn skuli:

Meta breytingar sem verða á húsnæðisþörf framhaldsskóla vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs.

Greina hvaða áhrif stytting námstímans hefur á rekstur framhaldsskóla.

Meta hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða vegna breytinga tengdum styttingu námstímans og tilgreina þá hverjar þær eru, að teknu tilliti til umsagna hagsmunaaðila og athugasemda sem berast, m.a. gegnum Menntagátt, eftir því sem við á.

Meta tímabundin áhrif á húsnæðisþörf og rekstur háskóla í samráði við samstarfsnefnd háskólastigsins.

Starfshópurinn fór yfir tillögu um breytta námsskipan sem fjallað er um hér framar í skýrslunni og breytt vinnubrögð henni tengd. Einnig fór hópurinn yfir mat á áhrifum á fjölda stöðugilda og starfsumhverfi framhaldsskóla og þær hugmyndir sem settar eru fram um lausnir vegna áhrifa breytinganna á starfsmannahald skólanna. Við mat á húsnæðisþörf framhaldsskólanna byggði hópurinn á skýrslu ParX Business Consulting um mat á húsrýmisþörf framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Einnig var áætluð tímabundin fjölgun nemenda á háskólastigi og áhrif hennar á rekstur háskólanna.

Við mat á kostnaði er miðað við fjölda nemenda í framhaldsskólum og háskólum skólaárið 2003-2004 og námsval þeirra. Rétt er að taka fram að næstu árin koma inn í framhaldsskólana stærri fæðingarárgangar en undanfarin ár. Hugsanlega verða framhaldsskólanemendur um 2000 fleiri skólaárið 2010-2011 en skólaárið 2003-2004. Námsval þeirra gæti orðið annað en námsval þeirra nemenda sem nú eru í framhaldsskólum, t.d. þannig að hlutfallslega fleiri fari í starfsnám. Breytingar á námsframboði og aðsókn nemenda í framhaldsskóla, breytingar á námsvali þeirra, virkni og brottfalli hafa áhrif á kostnað við rekstur framhaldsskóla og háskóla.

Leitast er við að gefa hugmynd um fjárhagsleg áhrif miðað við skólaárið 2003-2004. Forsendur kunna að breytast við frekari vinnslu og með tímanum. Krónutölur sem hér eru birtar eru því ekki tillögur heldur settar fram sem tilraun til að meta fjárhagsleg áhrif breytinganna.

12.1 Rekstur framhaldsskóla

Ef farið verður að þeim tillögum að námskrárbreytingum sem birtar eru framar í þessari skýrslu lækkar kostnaður vegna þess að ársnemendum fækkar í framhaldsskóla en á móti þarf að gera ráð fyrir kostnaði vegna lengri starfstíma skóla og taka tillit til þess að kostnaðurinn verður hlutfallslega hærri í fámennum skólum.

12.1.1 Breytingar á aðalnámskrá framhaldsskóla

Samkvæmt mati á áhrifum breytinganna á fjölda kennslustunda framar í þessari skýrslu, falla niður á framhaldsskólastigi alls 2460 kennslustundir á viku í íslensku, ensku, dönsku, náttúruvísindum, þriðja máli og íþróttum ef miðað er við námsval nemenda skólaárið 2003-2004. Þetta jafngildir 1368 ársnemendum. Ef reiknað er með meðalframlagi samkvæmt reiknilíkani framhaldsskóla til bóklegra áfanga, raungreina og íþróttaáfanga yrði kostnaðarlækkun vegna þessa um 600 m. kr. á ári.

Á kjörsviði stúdentsbrauta falla út 6 einingar og 3 einingar í frjálsu vali. Ekki er ljóst hvaða áfangar falla út úr áfangaskrár skólanna vegna þessara breytinga en reikna má með því að 9 einingar samsvari 515 ársnemendum ef gert er ráð fyrir að um 2000 nemendur sleppi því að taka þessar einingar. Þar sem val nemenda er ólíkt og reikna má með að valið sé sambland af verklegum og bóklegum áföngum, er miðað við meðalframlag á ársnemanda sem er 590.000 kr. nú, árið 2004. Taka ber fram að um meðaltalsnálgun er að ræða. Framlag á ársnemanda er mishátt milli skóla. Kostnaðarlækkun vegna 515 ársnemenda yrði samkvæmt þessu um 304 milljónir kr. á ári.

Tafla 10. Áætluð árleg kostnaðarlækkun samkvæmt reiknilíkani vegna breytinga á aðalnámskrá miðað við skólaárið 2003-2004 í milljónum kr.

	Hópar	Framlög
Bóklegt	608	419
Raungrein	134	93
Íþróttir	78	86
Alls:	820	598
515 ársnemendur vegna kjörsviðs og frjáls vals		304
Samtals:		902

12.1.2 Kostnaður vegna lengri starfstíma

Vegna lengingar starfstíma um 5 daga hækkar launakostnaður í framhaldsskólum frá og með skólaárinu 2008-2009 en þá er gert ráð fyrir að starfstími framhaldsskóla verði 180 dagar í stað 175. Framlag samkvæmt reiknilíkani vegna eins ársstarfs í kennslu er nú, árið 2004, 4.021.000 kr. Ekki verður ljóst fyrir en eftir að kjarasamningar liggja fyrir hver kostnaður við lengri starfstíma kennara verður. Við kostnaðarmat er gengið út frá því að 5 daga lenging starfstíma jafngildi 3% lengingu og því 3% hækkun framlaga til ársstarfa. Ársstörf í dagvinnu vegna kennslu og kennslutengdra starfa í framhaldsskólum haustið 2003 voru 1.253. Að þessum forsendum gefnum og miðað við fjölda nemenda og námsval þeirra skólárið 2003-2004 yrði kostnaður vegna lengri starfstíma 151 m. kr. á skólári 2008-2011. Auk þess má gera ráð fyrir auknum kostnaði í öðrum rekstri skólanna þannig að kostnaður vegna lengri starfstíma verði um 150–170 milljónir kr. á hverju skólaári frá 2008–2011.

Haustið 2011 fækkar nemendum og ársstörfum og þar með lækkar launakostnaður vegna lengri starfstíma. Miðað við fjölda nemenda og ársstarfa í framhaldsskólum skólaárið 2003-2004 yrði kostnaður vegna lengri starfstíma frá hausti 2011 um 135–155 m. kr.

Ef miðað er við stærð fæðingarárganga og óbreytta aðsókn í öllum aldurshópum er líklegt að nemendum á framhaldsskólastigi fjölgi um u.þ.b. 2000 á árunum 2004-2010 og þar með ársstörfum einnig og að kostnaður aukist vegna lengri starfstíma frá og með haustönn 2008.

12.1.3 Rekstur fámennra skóla

Fámennir skólar hafa fengið hlutfallslega hærri framlög úr ríkissjóði en aðrir skólar. Fækkun kennslustunda getur að öðru óbreyttu leitt til þess að fámennir skólar verði enn fámennari og lendi við það í erfiðleikum með að útvega fastráðnum kennurum næga kennslu og greiða fastan rekstrar-kostnað.

Ef bóknámsnemendum í þessum skólum fækkar samtals t.d. um 90-110 ársnemendur við breytingarnar, nemur lækkun framlags til þeirra samkvæmt reiknilíkani um 50-60 m. kr. á ári. Þá upphæð gæti þurft að bæta skólunum.

12.1.4 Yfirlit yfir breytingar á kostnaði við rekstur framhaldsskóla

Ef ofantaldar áætlanir um breytingar í rekstri framhaldsskóla vegna tillagna um breytta námsskipan eru teknar saman fæst niðurstaða sem sýnd er með Töflu 11. Miðað er við miðgildi áætlaðs kostnaðar þar sem það á við. Áætlaður kostnaðarauki ríkissjóðs er feitletraður.

Tafla 11. Áætluð breyting á árlegum kostnaði við rekstur framhaldsskóla í milljónum króna samkvæmt reiknilíkani

	2008-2010	Frá 2011
Kostnaðarlækkun vegna námskrárbreytinga		902
Kostnaður vegna lengri starfstíma	160	145
Uppbætur vegna smæðar skóla		55
Samtals á ári:	160	702

12.2 Húsnæði framhaldsskóla

Í skýrslu menntamálaráðuneytisins frá ágúst 2003 um styttingu námstíma til stúdentsprófs kemur fram að styttingin hefur lítil sem engin áhrif á skólahúsnæði á landsbyggðinni.

Samkvæmt yfirlýsingu menntamálaráðherra og borgarstjóra um samstarf ríkisins og Reykjavíkurborgar í húsnæðismálum framhaldsskóla í Reykjavík frá því í september 2003, á að bæta við núverandi skólahúsnæði framhaldsskóla í Reykjavík. Um er að ræða stækkun Fjölbrautaskólans við Ármúla, Menntaskólans við Hamrahlíð, Iðnskólans í Reykjavík og Fjölbrautaskólans í Breiðholti samtals um u.þ.b. 10.000 fermetra. Meta á einnig hvernig húsnæðismálum Menntaskólans við Sund verður best hagað og vinna að viðhaldi Menntaskólans í Reykjavík á næstu 5 árum og nýframkvæmdum að því loknu. Áformað er að stækka Flensborgarskólann í Hafnarfirði um 2.600 fermetra og einnig eru áform um stækkun Fjölbrautaskólans í Garðabæ.

Í apríl 2004 vann ParX Business Consulting fyrir menntamálaráðuneytið mat á heildarrýmisþörf framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Matið nær til 13

framhaldsskóla í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Í útreikningum ParX er miðað við íbúaþróun á aldursbilinu 16–19 ára. Íbúafjölgun undanfarinna ára á höfuðborgarsvæðinu hefur verið 1,5% á ári. Gert er ráð fyrir að nokkuð dragi úr fjölgun næstu árin. Í reiknilíkani ParX er tekið tillit til skiptingar nemenda eftir námsbrautum og mismunandi kröfum til húsnæðis eftir brautum. Miðað er við að hlutfall nemenda í bóknámi sé 70% og að tæp 19% af þeim séu á 4. námsári til stúdentsprófs. Reiknilíkan ParX miðar við veginn meðalfjölda fermetra á nemanda skólaárið 2003–2004.

Í niðurstöðum ParX kemur meðal annars fram að verði námstími til stúdentsprófs stytur um eitt ár þurfi samt sem áður að byggja 7 þúsund fermetra fyrir árið 2009. Fyrirhugaðar viðbyggingar við framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu sem rætt er um hér að framan eigi því að uppfylla húsrýmisþörfina.

Rétt er að taka fram að rýmisþörf á nemanda er reiknuð í mati ParX út frá skólum sem nú þegar búa við þrengsli.

Skólameistarar skólanna 13 telja að stytting námstíma til stúdentsprófs muni létta á þeim þrengslum sem flestir skólarnir búa við í dag.

Vegna fjölgunar fólks á framhaldsskólaaldri næstu árin verður þörf fyrir aukið skólahúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Ef farið verður að tillögum um breytta námsskipan verður þörfin tímabundin og mun leysast haustið 2011. Þessa tímabundnu þörf mætti t.d. leysa með leigu á húsnæði eða með lausum kennslustofum.

12.2.1 Skólahúsnæði til lengri framtíðar

Eins og áður sagði telja skólameistarar í framhaldsskólum að stytting námstíma til stúdentsprófs hafi þau áhrif til lengri tíma að rýmra verði um nemendur í skólum sem nú búa við þrengsli. Þótt fyrirhugaðar viðbyggingar komi til móts við húsrýmisþörf eftir styttingu námstímans verður væntanlega áfram unnið að breytingum á húsnæði framhaldsskóla. Líklegt er að á næstu árum þurfi að breyta og bæta skólahúsnæði framhaldsskóla til að koma til móts við óskir um aukna húsrýmisþörf vegna breytinga á námsframboði og kennsluháttum og bættu vinnuaðstöðu nemenda og kennara í skólum.

12.3 Rekstur háskóla

Þegar fyrstu stúdentar útskrifast eftir breyttri námsskipan útskrifast samtímis stúdentar eftir núverandi námsskipan. Gera má því ráð fyrir að það valdi tímabundinni fjölgun nemenda í háskólum. Í skýrslu menntamálaráðuneytisins um styttingu námstíma til stúdentsprófs frá ágúst 2003 þar sem fjallað er um þessar breytingar, kemur fram að Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Listaháskóli Íslands gerðu þá ekki ráð fyrir að geta tekið við stærri nemendahópi en þeir hafa gert miðað við óbreyttar aðstæður. Kennaraháskóli Íslands, Landbúnaðarháskólinn Hvanneyri og Tækniháskóli Íslands gerðu ráð fyrir að geta tekið við stærri nemendahópi tímabundið. Ástæðurnar eru þær að skólarnir búa yfir umframgetu miðað við þann nemendafjölda sem nú er og/eða að nýnemar í þeim eru ekki nema í litlum mæli nýútskrifaðir stúdentar. Gera má þó ráð fyrir að nemendur Tækniháskólans muni yngjast með breyttum starfsreynsluskilyrðum. Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Reykjavík gera ráð fyrir að þurfa að grípa til sérstakra aðgerða til að þjóna stærri nemendahópi tímabundið.

Haustið 1999 fjölgaði nýskráningum í háskóla umtalsvert og hefur fjölgað síðan jafnt og þétt. Við mat á fjölgun nemenda í háskólum sem hlýst af því að tveir hópar stúdenta útskrifast í einu, var skoðað hvernig stúdentar útskrifaðir 1999 höfðu skilað sér í háskóla til og með árinu 2003. Afdrif nýskráðra nemenda í háskóla árið 2001 voru einnig skoðuð og fundin út aldursskipting í hverjum skóla einu og tveimur árum seinna. Við þessa úttekt var miðað við fjölda nýskráninga í háskólum árið 2003 eftir aldri og skólum. Upplýsingarnar voru fengnar frá Hagstofu Íslands.

Árið 1999 útskrifuðust alls 2.223 stúdentar.

Tafla 12. Stúdentar útskrifaðir 1999 og nýskráning þeirra í háskóla eftir árum og aldursflokkum

	19-20 ára	21 árs	22 ára	23 ára	24 ára +	Alls
1999	583	163	57	27	64	895
2000	14	360	101	28	33	536
2001		4	120	44	41	209
2002			3	35	52	90
2003					73	73
Alls:						1.803

Ef miðað er við eftirfarandi lýkur meirihluti stúdenta sem útskrifast árið 2011 þriggja ára háskólanámi á árunum 2011-2016:

- *Jafn margir útskrifist sem stúdentar eftir þriggja ára stúdentsnám og eftir fjögurra ára nám og að aldursdreifing þeirra hliðrist til um eitt ár.*
- *Stúdentar skili sér í háskóla í sama hlutfalli eftir aldri og stúdentar útskrifaðir 1999.*
- *Afdrif nemenda verði í sömu hlutföllum eftir aldri og skólum og afdrif nýskráðra nemenda í háskóla árið 2001.*
- *Aðsókn og aðgengi að háskólum verði eins árið 2011 og árið 2003.*
- *Nemendur séu þrjú ár í háskólum.*

Fjölgun nemenda í háskólum frá haustönn 2011 vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs gæti þá hugsanlega orðið eins og sýnt er í Töflu 13.

Tafla 13. Áætluð fjölgun á háskólastigi vegna tímabundinna áhrifa styttingar námstíma til stúdentsprófs

	Haut:	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Háskóli Íslands		791	1058	1024	431	145	42
Háskólinn á Akureyri		51	83	96	56	26	7
Háskólinn í Reykjavík		77	97	93	48	19	10
Kennaraháskóli Íslands		31	61	73	56	64	14
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri		0	6	8	7	5	1
Tækniháskóli Íslands		33	40	48	34	18	5
Alls:		984	1347	1343	633	276	78

Talað er um að virkni nemenda sé 100% ef þeir taka próf í öllum námsgreinum sem tilheyra fullu námi. Ef miðað er við 75% virkni í námi og sama meðalverð á ársnemanda og skólum var greitt árið 2003, er ekki ólíklegt að kostnaðarauki háskóla vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs verði eins og fram kemur í Töflu 14.

Tafla 14. Áætluð aukin útgjöld háskóla 2011-2016 í milljónum króna

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Háskóli Íslands	169	381	504	194	71	37
Háskólinn á Akureyri	11	31	57	40	17	8
Háskólinn í Reykjavík	13	30	39	16	10	8
Kennaraháskóli Íslands	8	21	40	33	31	22
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	0	3	10	10	4	1
Tækniháskóli Íslands	7	16	28	15	15	4
Alls.	208	482	678	308	148	80

Framangreindir útreikningar taka ekki til fjölgunar í fæðingarárgöngum næstu árin. Ef hlutfallslega færri eða fleiri útskrifast eftir 3 ára stúdentsnám en eftir 4 ára nám færir kostnaður á milli ára. Breytingar á námsframboði í framhaldsskólum og á námsvali nemenda geta einnig haft áhrif á viðbótarkostnað í rekstri háskóla vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs, sem ekki er reiknað með hér.

Þess ber að geta að framangreind áætlun um tímabundinn útgjaldaauka háskóla vegna fjölgunar nýstúdentanna felur ekki í sér samsvarandi hækkun á heildarkostnaði ríkisins vegna reksturs skólanna heldur er um að ræða að hliðra útgjöldum til í tíma. Kostnaðarauki ríkisins er fyrst og fremst vegna fjármögnunar á þessum tímabundnu viðbótarútgjöldum.

12.4 LÍN

Reikna má með tímabundnum útgjaldaauka hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna við að fleiri taki námslán á árunum 2011-2016 vegna þess að tveir árgangar stúdenta útskrifast samtímis vorið 2011. Að meðaltali er reiknað með að framlag ríkisins sé 49% af veittum lánum auk rekstrarkostnaðar sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum frá LÍN taka um 38% nemenda í íslenskum háskólum námslán og gert er ráð fyrir að stúdentar útskrifaðir 2011 taki námslán í sömu hlutföllum. Meðalnámslán var 550 þúsund kr. árið 2003. Tafla 15 sýnir áætluð aukin útgjöld vegna námslána á tímabilinu 2011-2016. Taka ber fram að skýringar síðast í kafla 12.3 hér að framan um háskóla eiga einnig við um tímabundinn útgjaldaauka LÍN.

Tafla 15. Áætluð aukin útgjöld vegna námslána 2011-2016 í milljónum króna

	H2011	2012	2013	2014	2015	2016
Stúdentar útskrifaðir 2011 í háskólum	984	1.137	1.582	739	337	186
Áætlaður fjöldi sem tekur námslán (38%)	374	432	601	280	128	71
Námslán alls í m. kr.	108	238	331	154	70	39
Framlag ríkisins (49%):	53	117	162	75	34	19

Nemendur á framhaldsskólastigi sem þurfa að sækja nám fjarri heimahögum og fjölskyldu geta átt rétt á jöfnunarstyrk. Heildargjöld vegna jöfnunarstyrksins án umsýslukostnaðar voru árið 2003 um 506 m. kr. Ef gert er ráð fyrir að við styttingu námstíma til stúdentsprófs muni nemendum framhaldsskóla fækka um u.þ.b. 2000 miðað við skólaárið 2003-2004, mun kostnaður vegna jöfnunarstyrkja lækka um 50-60 m. kr. á ári frá og með 2011 sé gengið út frá þeirri forsendu að útgjöldin lækki hlutfallslega. Með Töflu 16 hér að neðan eru sýnd áhrif á Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) í milljónum króna. Áætluð útgjöld ríkissjóðs eru feitletruð.

Tafla 16. Áætluð áhrif á LÍN í milljónum króna

	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Framlag vegna námslána, tímabundin breyting	53	117	162	75	34	19
Jöfnunarsjóður, varanleg breyting	40	40	40	40	40	40
Samtals:	13	77	122	35	6	21

12.5 Tímabundinn kostnaður vegna starfsmannahalds

Framar í þessari skýrslu eru rædd úrlausnarefni tengd starfsmannahaldi sem kunna að fylgja í kjölfar breytinga á aðalnámskrám og hugmyndir settar fram um lausn þeirra. Einnig er gert ráð fyrir aukinni endurmenntun kennara til að undirbúa breytingarnar.

12.5.1 Kostnaður vegna starfsmannahalds

Hugmyndir um lausnir vegna starfsmannahalds eru settar fram í kafla 11.4 hér að framan. Vorið 2011 er gert ráð fyrir að stúdentar útskrifist bæði eftir núverandi og nýrri námsskipan. Nemendum fækkar og í þeim skólum þar sem aðsókn nýrra nemenda fyllir ekki í skörðin geta skapast vandamál í starfsmannahaldi. Þetta ræðst þó af aðstæðum í hverjum skóla fyrir sig og það er alls óvíst að þær verði eins haustið 2011 eins og á yfirstandandi skólaári.

Til þess að meta kostnað vegna hugmynda um lausnir í starfsmannahaldi þarf að gefa sér ýmsar forsendur til viðbótar við þær sem eru tilgreindar í kaflanum um starfsmannahald.

- „Framhaldsskólar hafi aðgang að sérmenntuðum ráðgjafa í starfsmannamálum sem aðstoðar skóla við mannaflaáætlanir og úrlausn þeirra vandamála sem skólarnir þurfa að glíma við vegna breytinganna. Einstakir starfsmenn eigi einnig kost á að leita til ráðgjafa á eigin forsendum.“ (Kafli 11.4)

Ef reiknað er með 2–3 ráðgjöfum í fullu starfi árin 2009–2011 gæti kostnaður vegna starfa þeirra verið um 12–18 m. kr. á ári eða samtals 36–54 m. kr.

- „Sett verði fram áætlun um að efla verkefnisstjórnun innan skólanna með það að markmiði að auka sveigjanleika skólastarfsins og auðvelda skólum að takast á við ný og breytileg verkefni.“ (Kafli 11.4)

Samkvæmt reiknilíkani framhaldsskóla er miðað við að um 530 m.kr. renni til kennslutengdra starfa í framhaldsskólum. Verði verkefnisstjórn eflað með auknum framlögum úr ríkissjóði má hafa til hliðsjónar að 1%-2% hækkun veldur 53–106 m. kr. kostnaði á ári.

- „Kennurum sem ekki ná að uppfylla vinnuskyldu sína eftir styttingu námstímans verði veitt tímabundið svigrúm til að nýta þann tíma sem upp á vantar til að breyta starfssviði sínu eða skapa sér stöðu á vinnumarkaði. Námsleyfum verði m.a. þannig fjölgað tímabundið frá og með árinu 2011.“ (Kafli 11.4)

Námsleyfi sem veitt eru til kennara í framhaldsskólum eru nú alls 28 ári. Ef þeim væri fjölgað t.d. um 4-6 á ári skólaárin 2011-2013 væri kostnaður vegna þess um 16-24 m. kr. á ári eða samtals 32-48 m. kr.

- „Finna þarf leiðir sem fara mætti til að sporna gegn því við breytinguna verði aldurssamsetning kennara ójafnari en nú. Ein þeirra leiða er að gefið verði fjárhagslegt svigrúm árið 2011 til að gefa kennurum þar sem það á við, kost á að hefja töku lífeyris án þess að það leiði til skerðingar á eftirlaunum.“ (Kafli 11.4)

Misjafnt er á hvaða aldri kennarar hafa rétt til að hefja töku lífeyris og ómögulegt er að áætla í hve mörgum tilfellum það á við að gefa kennurum kost á að hefja töku lífeyris fyrr. Kennarar njóta lífeyris ýmist samkvæmt A-deild eða B-deild. Með nálgun sem tekur tillit til aldurssamsetningar þeirra kennara sem breytingin nær helst til má gera ráð fyrir að kostnaður geti orðið um 60-100 m. kr. sem dreifðist einkum á árið 2011-2013.

- „Leitað verði eftir samstarfi við háskóla um:
 - Framboð á námsleiðum til meistaranáms eða diplómanáms sem kennarar ættu kost á til undirbúnings breyttu starfssviði.“ (Kafli 11.4)

Ef gert er ráð fyrir að 20-30 kennarar nýti sér þennan möguleika árin 2009-2011 og 10-15 þeirra taki árs nám en 10-15 þeirra tveggja ára nám þá verði kostnaður háskóla alls 18-27 m. kr. ef miðað er við meðalframlag á ári með nemendum í háskóla í fullu námi. Hér er ekki reiknað með hugsanlegum útgjöldum LÍN.

- „Að auka tímabundið framboð á kennsluréttindanámi sem sniðið er að þörfum starfandi kennara, ekki síst bóknámskennara.“ (Kafli 11.4)

Ef gert er ráð fyrir að 20-30 kennarar nýti sér þennan möguleika á árunum 2008-2011 og taki 10 námseiningar á ári verði kostnaður háskóla alls 12-18 m. kr. ef miðað er við meðalframlag á ári með nemendum í háskóla í fullu námi.

Hér að ofan er gerð tilraun til að meta hugsanlegan kostnað vegna hugmynda um aðgerðir til að milda breytingar á starfsmannahaldi framhaldsskóla. Á þessari stundu er afar margt óljóst í þessum efnum og því nauðsynlegt að gera nákvæmari áætlanir þegar nær dregur breytingunum.

12.5.2 Endurmenntun

Í kafla 8 frammar í þessari skýrslu eru tillögur um endurmenntun grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Gert er ráð fyrir að þeir sem nú standa fyrir og bera ábyrgð á endurmenntun kennara eigi með sér samstarf um að skipuleggja námskeiðin. Þar sem ekki er ljóst hvernig skipulag námskeiða verður eða fjöldi þeirra er hér einungis gefin hugmynd um hugsanlegan kostnað við aukna endurmenntun. Upplýsingar um kostnað einstakra námskeiða eru frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

- „Framboð endurmenntunar grunnskólakennara verði aukið á sviði greinabundinnar kennslu. Þetta verði gert með samstarfi þeirra aðila sem nú standa fyrir og bera ábyrgð á endurmenntun grunnskólakennara.“ (Kafli 8)

Gera má ráð fyrir að allir kennarar 8.–10. bekkjar sem kenna dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði fari á námskeið sem undirbýr þá fyrir breytingar á aðalnámskrá og viðfangsefnum þessara námsgreina. Námskeiðin verði haldin víða um land. Meðalkostnaður á námskeið sem stendur í viku gæti orðið um 500 þús. kr. Ef gert er ráð fyrir alls 80 slíkum námskeiðum fyrir grunnskólakennara á unglingastigi á árunum 2006 og 2007 yrði kostnaður alls um 40 m. kr.

- „Auka menntun framhaldsskólakennara í námsmati og prófagerð, bæði í kennsluréttindanámi og endurmenntun þeirra.
- Leggja áherslu á endurmenntunarnámskeið fyrir kennara þar sem fjallað er um kennsluaðferðir. Við framkvæmd námskeiðanna verði hafðar í huga aðferðir sem skila bestum árangri svo sem vettvangsnám. Námskeiðin mætti skipuleggja eftir námsgreinum og aldri nemenda og safna saman kennurum í ákveðnum landshlutum til að sækja námskeiðin. Þetta gæti verið sérverkefni en áfram geti skólar sett saman námskeið sem styðja áherslur skólans sérstaklega.“ (Kafli 8)

Ef miðað er við kostnað vegna vettvangs-, farand- og vikunámskeiða má gera ráð fyrir að kostnaður vegna námskeiða í námsmati, prófagerð og kennsluaðferðum verði um 40-60 m.kr. alls á árunum 2007-2010.

12.5.3 Yfirlit yfir tímabundinn kostnað vegna starfsmannahalds

Með Töflu 17 er sýnt yfirlit yfir áætlaðan tímabundinn aukinn kostnað vegna breytinga á starfsmannahaldi í skólum. Miðað er við miðgildi áætlaðs kostnaðar þar sem það á við.

Tafla 17. Yfirlit yfir áætlaðan aukinn kostnað við starfsmannahald í milljónum króna

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Alls
Ýmis mál			5	27,5	31,3	149	124	106	442,6
Endurmenntun	20	32,5	12,5	12,5	12,5				90
Samtals:	20	32,5	17,5	40	43,8	149	124	106	532,6

12.6 Annar tímabundinn kostnaður

Gera þarf ráð fyrir tímabundnum kostnaði vegna breytinga á aðalnámskrá, nýrra og breyttra námsgagna, og gagnasöfnunar og mats á árangri breytinganna.

12.6.1 Aðalnámskrá

Í kostnaðar- og tímaáætlun í kafla 5.10.7 hér að framan vegna breytinga á aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er gert ráð fyrir vinnuframlagi sem nemur u.þ.b. 70 mannmánuðum. Gera þarf einnig ráð fyrir kostnaði vegna vinnuaðstöðu og kostnaði vegna launa verkefnisstjóra og ritara. Kostnaður vegna vinnuhópa, verkefnisstjóra og ritara er samkvæmt þessu áætlaður um 40-50 m. kr., þar með talinn kostnaður vegna skrifstofuaðstöðu.

Áætlað er að kostnaður vegna prentunar, hönnunar, ljósmynda og útgáfu aðalnámskráa verði um 20-30 m. kr. Við áætlanagerðina er tekið mið af kostnaði við útgáfu aðalnámskráa árið 1999.

12.6.2 Námsgögn

Leitað var til Námsgagnastofnunar um að áætla kostnað vegna breytinga á námsgögnum grunnskóla sem fylgja í kjölfar breytinga á aðalnámskrá. Þar sem tillögur að námskrárbreytingum hafa ekki verið útfærðar er kostnaður metinn samkvæmt þeim meginbreytingum sem tilgreindar eru framar í þessari skýrslu en þær eru helstar:

- *Í íslensku verði námsþættir fluttir til grunnskóla að hluta eða í heild og áhersla aukin á ritun og tjáningu. Frjáls lestur verði eflur í flestum bekkjum grunnskóla og nemendur velji sér lestrarefni sjálfir. Áætlaður kostnaður vegna námsgagna 19,5 m. kr.*
- *Gert er ráð fyrir að þrjár fyrstu einingarnar á framhaldsskólastigi í dönsku og ensku flytjist að hluta eða í heild á grunnskólastig. Áætlaður kostnaður vegna námsgagna 19,8 m. kr.*
- *Gert er ráð fyrir að dregið verði úr skörun í stærðfræði í námi grunn- og framhaldsskóla og þrjár fyrstu einingarnar á framhaldsskólastigi flytjist að hluta eða í heild á grunnskólastig. Áætlaður kostnaður vegna námsgagna 34,9 m. kr.*

Í kostnaðartölunum hér að ofan er einungis reiknað með fyrstu prentun/útgáfu nýs efnis. Reikna má með kostnaði vegna endurprentana nýrra og breyttra námsgagna sem nemur allt að 10 m. kr. á ári.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til á námsgögnum grunnskóla er erfiðara að meta að mati Námsgagnastofnunar svo sem breytingar á námsgögnum í lífsleikni, þriðja máli og áherslubreytingar í landafræði en reikna má með kostnaði vegna breytinganna þó að hann sé ekki áætlaður hér.

Námsgagnastofnun telur að vandséð sé hvernig stofnunin geti tekið við auknum verkefnum á næstunni án þess að fjölga starfsfólki. Ef ráðinn yrði einn starfsmaður til námsefnissviðs og annar til framleiðslusviðs Námsgagnastofnunar til næstu þriggja ári gæti kostnaður vegna þess numið alls 21 m. kr. á tímabilinu.

Samkvæmt ofansögðu yrði áætlaður heildarkostnaður vegna breytinga á námsgögnum grunnskóla alls um 95 m. kr. sem dreifðist á næstu þrjú ár, þ.e.

árin 2005-2008, auk kostnaðar við breytingar á námsgögnum í lífsleikni, landafræði og þriðja máli.

Á vegum menntamálaráðuneytis starfar nefnd sem fjallar um gerð og útgáfu námsgagna handa framhaldsskólum. Helsta verkefni nefndarinnar er að gera tillögur um veitingu styrkja til námsgagnagerðar samkvæmt umsóknum en árlega er á fjárlögum gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis. Í fjárlögum ársins 2004 eru 20 m. kr. ætlaðar til þessa.

Breytingar á aðalnámskrá framhaldsskóla felast einkum í því að námsþættir verða í einhverjum tilfellum færðir á milli áfanga námsgreinanna vegna lengra skólaárs. Breytingar umfram þetta eru á viðfangsefnum í íslensku, náttúruvísindum og lífsleikni auk þess sem færðir verða námsþættir fyrstu þriggja eininganna í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði á grunnskólastig.

Áætla má að til að greiða fyrir því að námsgögn verði sniðin að breyttum áfangalýsingum þurfi að hækka framlög vegna námsgagnagerðar á framhaldsskólastigi. Hér er miðað við að úthlutað verði aukalega 10 m. kr. á ári árin 2006 og 2007, alls 20 m. kr. vegna breytinganna.

12.6.3 Mat á árangri

Mats- og eftirlitsdeild menntamálaráðuneytisins telur að gera megí ráð fyrir 18 mannmánuðum vegna hugmynda um mat á árangri breytinganna. Með kostnaði vegna skrifstofuaðstöðu yrði kostnaður alls um 9 m. kr., þ.e. 4 m. kr. vegna gagnasöfnunar á árunum 2006-2007 og 5 m. kr. vegna gagnasöfnunar og mats á árunum 2011-2012.

12.6.4 Yfirlit yfir tímabundinn kostnað vegna aðalnámskráa, námsgagna og mats á árangri

Tafla 18 gefur yfirlit yfir tímabundinn aukinn kostnað vegna breytinga á aðalnámskrám, nýrra og breyttra námsgagna og vegna gagnasöfnunar og mati á árangri breytinganna. Miðað er við miðgildi áætlaðs kostnaðar þar sem það á við.

Tafla 18. Yfirlit yfir tímabundinn aukinn kostnað vegna aðalnámskráa, námsgagna og mats á árangri í milljónum króna

	2005	2006	2007	2011	2012	Alls
Aðalnámskrár	80					80
Námsgögn	23	51	41			115
Mat á árangri		2	2	2	3	9
Samtals:	103	53	43	2	3	204

12.7 Yfirlit yfir fjárhagsleg áhrif breytinganna

Hér að ofan er leitast við að gefa hugmynd um fjárhagsleg áhrif breytinganna miðað við skólaárið 2003-2004. Í áætlunum er miðað við rauntölur fyrir skólaárið 2003-2004, m.a. vegna fjölda nemenda í háskólum og framhaldsskólum. Ekki er áætlað fyrir kostnaði vegna líklegrar nemenda-fjölgunar vegna fjölmennari fæðingararganga og aukinnar aðsóknar á næstu árum. Miðað er við námsval nemenda skólaárið 2003-2004 en það getur breyst næstu árin, t.d. þannig að hlutfallslega fari fleiri í starfsnám.

Breytingar á námsframboði og aðsókn nemenda í framhaldsskóla, breytingar á námsvali þeirra, brottfalli og virkni hafa áhrif á kostnað við rekstur framhaldsskóla og háskóla.

Ítrekað er að forsendur kunna að breytast við frekari vinnslu og með betri upplýsingum. Krónutölur sem hér eru birtar eru því ekki tillögur heldur settar fram sem tilraun til að meta fjárhagsleg áhrif breytinganna.

Breytingar á fjölda nemenda í framhaldsskólum og háskólum ýmist hækka eða lækka þá kostnaðarliði sem tilgreindir eru í Töflu 19 og háðir eru fjölda nemenda. Miðað er við miðgildi áætlaðs kostnaðar þar sem það á við. Áætluð útgjöld ríkissjóðs eru feitletruð.

Tafla 19. Yfirlit yfir fjárhagsleg áhrif 2005-2016 í milljónum króna

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Rekstur framhaldsskóla				160	160	160	351	702	702	702	702	702
Rekstur háskóla							208	482	678	308	148	80
LÍN							13	77	122	36	6	21
Starfsmannahald		20	33	18	40	44	149	124	106			
Aðalnámskrár, námsgögn, mat	103	53	43				2	3				
Samtals:	103	73	76	178	200	204	21	16	204	358	560	643

Samkvæmt þeim forsendum sem gefnar eru munu töluverð útgjöld fylgja breytingunum áður en jákvæð fjárhagsleg áhrif koma fram. Skiptir þar mestu tímabundin fjölgun nemenda í háskólum vegna fleiri stúdenta sem áætlað er að útskrifist vorið 2011.

Hér er áætlað að jákvæð fjárhagsleg áhrif breytinganna í heild komi fyrst fram árið 2016 og verði eftir það nálægt 700 m. kr. á ári en það er liðlega 6,3% af útgjöldum ríkisins til framhaldsskólastigsins í fjárlögum 2004.

Viðauki 1: Verkefnisstjórn

Þann 29. júlí 2003 voru skipuð í verkefnisstjórn um styttingu námstíma til stúdentsprófs:

Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri, formaður, Borgar Þór Einarsson aðstoðarmaður Tómasar Inga Olrich menntamálaráðherra, Hörður Lárusson deildarstjóri, Karl Kristjánsson deildarstjóri og Örlygur Geirsson skrifstofustjóri.

Í skipunarbréfi verkefnisstjórnarinnar segir:

Hlutverk verkefnisstjórnar er að fylgja eftir niðurstöðum í skýrslu um styttingu námstíma til stúdentsprófs frá því í desember 2002, meta þær tillögur sem þar eru settar fram og setja fram heildstæðar tillögur um styttingu námstímans. Auk þess skal verkefnisstjórn gera framkvæmdaáætlun fyrir styttinguna. Verkefnisstjórn skal leita eftir athugasemdum hagsmunaaðila og almennings og hafa þær til hliðsjónar í störfum sínum eftir því sem tök eru á.

Ráðuneytið mun jafnframt skipa þrjá starfshópa til að fjalla um einstaka þætti málsins, þ.e. fjármál, námskrármál og starfsmannamál, og skal verkefnisstjórn m.a. samræma störf þessara hópa eftir því sem þörf er á.

Oddný Harðardóttir hefur verið ráðin starfsmaður verkefnisstjórnarinnar.

Í janúar 2004 tók Þorgerður Katrín Gunnarsóttir við ráðherraembætti og aðstoðarmaður hennar Steingrímur Sigurgeirsson tók sæti Borgars Þórs Einarssonar í verkefnisstjórninni. Í apríl 2004 tók sæti í verkefnisstjórninni í stað Steingríms Sigurgeirssonar Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, ráðgjafi ráðherra.

Verkefnisstjórnin kom verkefninu af stað, hélt fundi reglulega og fylgdist með störfum starfshópa. Einnig gerði verkefnisstjórnin framkvæmdaáætlun fyrir verkefnið.

Viðauki 2: Yfirlit yfir störf starfshópa

Námskrár- og gæðamál

Hlutverk starfshópsins samkvæmt erindisbréfi var að:

- *Meta og útfæra frekar hugmyndir um námsskipan sem settar eru fram í skýrslunni um styttingu námstíma til stúdentsprófs sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu í ágúst 2003.*
- *Gera tillögu um námsskipan að teknu tilliti til námskrafna viðtökuskóla, umsagna hagsmunaaðila og athugasemda sem berast gegnum Menntagátt eftir því sem við á.*
- *Tilgreina breytingar sem nauðsynlegt er að gera á námskrám í einstökum greinum án þess að gæði náms skerðist frá því sem nú er.*
- *Gera kostnaðaráætlanir vegna breytinganna og leggja fram tillögur um skipan undirhópa sem fjalla skulu um einstaka námsgreinar.*
- *Ákvarða leiðir til að meta hvort markmið með þriggja ára stúdentsnámi hafi náðst og tilgreina viðmið, framkvæmd og tímasetningu matsins.*

Formaður hópsins var Hörður Lárusson deildarstjóri námskrárdeildar menntamálaráðuneytisins. Aðrir í hópnum voru Þórir Ólafsson, menntamálaráðuneyti, Margrét Harðardóttir, menntamálaráðuneyti, Hjördís Þorgeirsdóttir, Félagi framhaldsskólakennara, Friðrik H. Jónsson, Samstarfsnefnd háskólastigsins, Hörður Helgason, Félagi íslenskra framhaldsskóla og Ásgeir Runólfsson, Félagi framhaldsskólanema. Frá áramótum var Jón Ingi Einarsson í starfshópnum fyrir hönd Skólalærdótturafélags Íslands. Með hópnum starfaði Oddný Harðardóttir verkefnisstjóri. Fyrsti fundur var haldinn í menntamálaráðuneytinu þann 23. október 2003 og sá síðasti 7. júní 2004. Alls voru haldnir 38 fundir.

Til þess að undirbúa tillögur um breytta skipan náms til stúdentsprófs átti starfshópurinn m. a. fundi með fulltrúum frá fagfélögum kennara. Á fundunum var rætt um námskrár í einstökum greinum á grunn- og framhaldsskólastigi og leitað eftir álit kennara á þeim. Einnig var rætt um hvaða breytingar væri hugsanlegt að gera á námskránum ef ákveðið yrði að stytta námstíma til stúdentsprófs. Einkum var leitað eftir skoðunum kennara á því hvaða námsþætti mætti færa milli námsára, skólastiga og námsáfanga og hvaða þætti mætti fella út.

Samráðsfundir með fulltrúum fagfélaga kennara voru haldnir sem hér segir:

- 15.12.2003: Með fulltrúum móðurmálakennara í grunn- og framhaldsskóla.
- 15.01.2004: Með fulltrúum kennara erlendra tungumála í grunn- og framhaldsskóla.
- 19.01.2004: Með fulltrúum náttúrufræðikennara í grunn- og framhaldsskóla.
- 22.01.2004: Með fulltrúum stærðfræðikennara í grunn- og framhaldsskóla.
- 26.01.2004: Með fulltrúum kennara samfélagsgreina í framhaldsskólum.
- 09.02.2004: Með fulltrúum íþróttakennara í framhaldsskólum.

Einnig voru haldnir eftirfarandi samráðsfundir:

- 12.01.2004: Með samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi.
- 05.02.2004: Með Júlíusi Björnssyni forstöðumanni Námsmatsstofnunar.

26.02.2004: Með Jóni Torfa Jónassyni prófessor við félagsvísindadeild HÍ.

03.05.2004: Með fulltrúum leikskólakennara.

Að teknu tilliti til þess sem fram kom á samráðsfundunum og þess sem fram kom í umsögnum og umræðum á umræðuþinginu setti starfshópur fram tillögur um breytta námsskipan. Einnig setti hópurinn fram tillögur um breytingar á námskrá og breytingar á áherslum og vinnubrögðum sem hópurinn telur að fylgja þurfi svo sá árangur náist sem að er stefnt.

Fram kom á samráðsfundunum og einnig í umsögnum og umræðum á umræðuþinginu að skiptar skoðanir eru á því hvaða leið beri að fara til að stytta námstíma til stúdentsprófs þannig að eftir sem áður fái nemendur jafn góðan undirbúning fyrir áframhaldandi nám. Skiptar skoðanir voru einnig um þetta í starfshópnum en samkomulag náðist um þær tillögur sem settar eru framar í þessari skýrslu.

Starfsmannamál

Hlutverk starfshópsins samkvæmt erindisbréfi var að:

- *Meta áhrif af styttingu námstíma til stúdentsprófs á fjölda stöðugilda kennara.*
- *Greina hver áhrif breytts námsframboðs yrðu á starfsumhverfi kennara.*
- *Setja fram hugmyndir um lausn vandamála varðandi starfsmannamál tengd styttingu námstímans að teknu tilliti til umsagna hagsmunaaðila og athugasemda sem berast, m.a. gegnum Menntagátt, eftir því sem við á.*

Formaður hópsins var Karl Kristjánsson deildarstjóri skóla- og símenntunar-deildar. Aðrir í hópnum voru Aðalsteinn Eiríksson, menntamálaráðuneyti, Elna K. Jónsdóttir, Félagi framhaldsskólakennara, Oddur Jakobsson, Félagi framhaldsskólakennara, Már Vilhjálmsson, Félagi íslenskra framhaldsskóla og Guðmundur H. Guðmundsson, fjármálaráðuneyti. Með hópnum starfaði Oddný Harðardóttir verkefnisstjóri. Fyrsti fundur var haldinn í menntamálaráðuneytinu þann 28. október 2003 og sá síðasti 9. ágúst 2004. Alls voru haldnir 13 fundir.

Til þess að undirbúa mat á áhrifum styttingu námstíma til stúdentsprófs á fjölda stöðugilda kennara í framhaldsskólum var gögnum safnað. Frá hverjum skóla fyrir sig fengust upplýsingar um kennara skólaárið 2003-2004, þ.e. um kennsluréttindi, faggreinar og kennslugreinar, hvaða áfanga þeir kenndu, kennslustundafjölda á viku og kennsluskyldu. Einnig var safnað upplýsingum frá fjársýslu ríkisins um fjölda kennara í framhaldsskólum, aldursdreifingu og biðlaunarétt. Áfangaskrár skólanna fyrir skólaárið 2003-2004 voru yfirfarnar. Frá Hagstofu Íslands fengust upplýsingar um fjölda nemenda í framhaldsskólum, aldursdreifingu þeirra og um fjölda í fæðingarárgöngum sem koma inn í framhaldsskóla næstu árin.

Að teknu tilliti til greiningar tölulegra gagna og þess sem fram kom í umsögnum og umræðum á umræðuþinginu setti starfshópurinn fram hugmyndir um lausnir í starfsmannahaldi tengdar styttingu námstíma til stúdentsprófs.

Góð samstaða var um vinnulag í hópnum.

Fjármál

Hlutverk starfshópsins samkvæmt erindisbréfi var að:

- *Meta breytingar sem verða á húsnæðisþörf framhaldsskóla vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs.*
- *Greina hvaða áhrif stytting námstímans hefur á rekstur framhaldsskóla.*
- *Meta hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða vegna breytinga tengdum styttingu námstímans og tilgreina þá hverjar þær eru, að teknu tilliti til umsagna hagsmunaaðila og athugasemda sem berast, m.a. gegnum Menntagátt, eftir því sem við á.*

Formaður hópsins var Örlygur Geirsson, skrifstofustjóri fjármálasviðs. Aðrir í hópnum voru Sigríður Rúna Þrastardóttir, menntamálaráðuneyti, Magnús Ingólfsson, Félagi framhaldsskólakennara, Yngvi Pétursson, Félagi íslenskra framhaldsskóla, Helga M. Steinsson, Félagi íslenskra framhaldsskóla, Leifur Eysteinnsson, fjármálaráðuneyti og Gerður G. Óskarsdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Með hópnum starfaði Oddný Harðardóttir verkefnisstjóri. Fyrsti fundur var haldinn í menntamálaráðuneytinu þann 29. október 2003 og sá síðasti 20. ágúst 2004. Alls voru haldnir 7 fundir.

Við mat á húsnæðisþörf framhaldsskóla vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs var byggt á skýrslu ParX frá apríl 2004 um mat á húsrýmisþörf framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og upplýsingum um viðbyggingar frá menntamálaráðuneytinu.

Vegna áætlana um tímabundin áhrif breytinganna á rekstur háskóla vann Hagstofa Íslands upplýsingar fyrir starfshópin um útskrifaða stúdenta eftir aldri árið 1999 og hvenær nemendur úr þeim hópi voru nýskráðir í háskóla. Einnig vann Hagstofa Íslands fyrir hópinn upplýsingar um afdrif nýskráðra nemenda í háskóla árið 2001, þ.e.a.s. hve margir voru enn í skólunum einu og tveimur árum seinna greint eftir aldri. Upplýsingar um nýskráningar í háskóla árin 1999-2003 fengust á heimasíðu Hagstofunnar.

Leitað var til LÍN vegna áætlana um aukin útgjöld sjóðsins og Endurmenntunar vegna áætlana um kostnað við endurmenntun kennara. Námsgagnastofnun var beðin um að meta kostnað vegna nýrra og breyttra námsgagna fyrir grunnskóla sem breytingin hefði í för með sér. Ýmsum gögnum var einnig safnað innan menntamálaráðuneytisins svo sem um reiknilíkan framhaldsskóla.

Starfshópurinn fór yfir tillögu um breytta námsskipan og áhrif hennar á rekstur framhaldsskóla og á starfsmannhald í framhaldsskólum. Að teknu tilliti til greiningar tölulegra gagna og þess sem fram kom í umsögnum og umræðum á umræðuþinginu setti starfshópurinn fram hugmyndir um fjárhagsleg áhrif tillagna um styttingu námstíma til stúdentsprófs.

Góð samstaða var um vinnulag í hópnum.